



HÁSKÓLI ÍSLANDS

Hugvísindasvið

Það er auðvelt að skrifa

*Um gagnsemi kennslubóka í ritlist og þýðing á nokkrum köflum
úr bókinni *Writing Tools* eftir Roy Peter Clark*

Ritgerð til MA-prófs í hagnýtri ritstjórn og útgáfu

Hildigunnur Þráinsdóttir

Maí 2014

Háskóli Íslands
Hugvísindasvið
Hagnýt ritstjórn og útgáfa

Það er auðvelt að skrifa

*Um gagnsemi kennslubóka í ritlist og þýðing á nokkrum
köflum úr bókinni Writing Tools eftir Roy Peter Clark*

Ritgerð til MA-prófs í hagnýtri ritstjórn og útgáfu

Hildigunnur Þráinsdóttir

Kt.: 070570-4919

Leiðbeinandi: Gunnþórunn Guðmundsdóttir

Maí 2014

Ágrip

Kennslubækur í ritlist hafa ekki verið skrifaðar á íslensku. Þó hafa komið út nokkrar bækur um ritsmíðar, flestar ætlaðar framhaldsskólanemum. Í þeim er til dæmis fjallað um ólíkar gerðir ritsmíða, byggingu, frágang, heimildavinnu og fjölmargt annað hagnýtt og gott. En textagerðin sjálf og vinnubrögð rithöfunda fá lítið pláss í hinum íslensku handbókum. Ótal bækur um ritlist er að finna á öðrum tungumálum, gjarnan eftir rithöfunda sem deila reynslu sinni. Hér eru þýddir nokkrir kaflar úr einni slíkri bók, *Writing Tools: 50 Essential Strategies for Every Writer* eftir Roy Peter Clark, bandarískan ritlistarkennara og blaðamann. Auk þýðingarinnar er í ritgerðinni stutt kynning á höfundi bókarinnar og bókinni sjálfri og umfjöllun um íslenskar kennslubækur um ritsmíðar. Ritgerðarhöfundur veltir fyrir sér þeirri spurningu hvort kennslubækur eða bækur fyrir almenning um ritlist og ritstörf geri yfirhöfuð eitthvert gagn. Að lokum verða ráðleggingar Clarks til höfunda skoðaðar með íslenskum textadæmum. Dæmin eru öll fengin úr pistlum nemenda sem sátu námskeiðið Pistlaskrif í Háskóla Íslands á vorönn 2013.

Efnisyfirlit:

Inngangur	3
1. Er auðvelt að skrifa?	3
2. Roy Peter Clark	5
3. Bókin <i>The Writing Tools</i>	6
4. Íslenskar kennslubækur	7
5. Um þýðinguna	8
6. Efnisyfirlit <i>Writing Tools</i>	11
7. Þýðing	13
8. Skriffærin í notkun	51
8.1 Örfá orð um sagnorð	51
8.2 11. skriffæri: Takið hið einfalda fram yfir hið tæknilega	52
8.3 16. skriffæri: Frumlegt myndmál	54
8.4 21. skriffæri: Á höfundur að hafa sig í frammi eða halda sig til hlés?	56
8.5 23. skriffæri: Stillið röddina	57
8.6 35. skriffæri: Sviðsetjið atburði	58
8.7 39. skriffæri: Skrifðu að endi	60
Niðurlag	61
Heimildaskrá	62

Inngangur

Á vormisseri 2013 kenndi Guðni Elísson námskeiðið Pistlaskrif í Háskóla Íslands sem ætlað var nemendum í meistaranámi í almennri bókmenntafræði, menningarfræði og ritlist. Á námskeiðinu skrifuðu nemendur tíu pistla og úrval þeirra birtist á vef tímariti Hugvísindasviðs, Hugar.is. Ég var ásamt öðrum nemanda í hagnýtri ritstjórn og útgáfu aðstoðarkennari á námskeiðinu og hafði það hlutverk að fara yfir pistla nemenda og búa þá til birtingar. Á leslista námskeiðsins voru nokkrar bækur um ritstörf og skrif, nokkurs konar kennslubækur fyrir almenning eftir rithöfunda og skáld sem deila reynslu sinni. Ein þeirra var *Writing Tools: 50 Essential Strategies for Every Writer* (2006) eftir Roy Peter Clark. Hún vakti strax athygli og áhuga minn. Íslenskar bækur í svipuðum dúr hafa ekki verið skrifaðar á íslensku þrátt fyrir að nú sé hægt að stunda meistaranám í ritlist í Háskóla Íslands auk þess sem haldin eru ýmiskonar ritlistarnámskeið á ólíkum skólastigum og hjá mörgum menntastofnunum. Þá bendir ýmislegt til þess að ungt fólk þurfi betri þjálfun í skrifum eins og komið verður að síðar. Upphaflega var hugmyndin sú að þýða bókina til útgáfu en við nánari skoðun er slík hugmynd ekki sérlega góð því að í henni eru ótalmörg textadæmi úr bandarískum fjölmiðlum eða bókmenntum sem fæstir íslenskir lesendur þekkja sérlega vel. En þrátt fyrir það getur bókin komið þeim sem vilja leggja stund á ritstörf að gagni því í henni eru fjölmörg góð ráð auk þess sem hún er skemmtileg og fróðleg. Því varð úr að þýða hluta hennar og nota í þessa meistaraþrófsritgerð. Áður en kemur að þýðingunni verður höfundurinn kynntur og bókin auk þess sem fjallað er um þýðingarvinnuna og þá aðferð sem beitt var við hana. Einnig verða nokkrar íslenskar kennslubækur um skrif skoðaðar. Að lokum verða skriffærin – eins og „writing tools“ eru hér látin heita – skoðuð með íslenskum dæmum sem öll eru fengin úr pistlum sem skrifaðir voru í fyrrgreindu námskeiði.

En fyrst verður tekin til umfjöllunar spurningin sem ég spurði mig þegar ég fíkraði mig niður leslistann í námskeiðinu: Gera skriffæri í þessum dúr eitthvert gagn?

1. Er auðvelt að skrifa?

Einar Kárason segir svo frá fyrstu skrefum sínum á ritvellingum:

Maður var að reyna að skrifa eins og þeir stóru kallar sem maður var að lesa, þeir virtust eiga svo auðvelt með þetta. Ég settist niður og byrjaði: Jæja, núna ætla ég

að skrifa eins og Guðbergur eða Halldór Laxness... En svo varð það ekkert eins og þeir skrifuðu.¹

Titill ritgerðarinnar „Það er auðvelt að skrifa“ er fenginn að láni úr *Writing Tools*. Setningin er reyndar ekki frá Clark sjálfum heldur vitnar hann í William Stafford sem heldur því fram í bókinni *Writing the Australian Crawl* að allir geti skrifað. Stafford beinir orðum sínum til þeirra sem *vilja* skrifa en *gera* það ekki því sjálfsgagnrýni og metnaður halda aftur af þeim.² Þetta eru sum sé hvatningarorð sem Clark tekur undir og mætti orða einhvern veginn svona: Það skiptir ekki máli hvernig þú skrifar, byrjaðu bara og notaðu skriffærin á síðari stigum til að betrubæta, því æfingin skapar meistarann. En það er líka auðvelt að skrifa í öðrum skilningi eins og þeir fjölmörgu vita sem birta skrif sín daglega á internetinu og eru sínir eigin útgefendur og ritstjórar. Það eina sem þarf er tölva. En þar með er ekki sagt að auðvelt sé að skrifa *góðan* texta. Góður texti krefst að minnsta kosti meiri tíma, skýrrar hugsunar og þjálfunar. Auðvitað má bæta við upptalninguna þáttum eins og stílgáfu, góðum tókum á tungumálinu, þekkingu á viðfangsefninu, miklum orðaforða, hugmyndaauðgi og svo mætti lengi telja. Clark hefur trú á því að með þjálfun geti allir skrifað frambærilegan texta og ættu að gera það því það sé einfaldlega mannbætandi. Hann er uppbyggilegur og hvetjandi og þótt hann skammist hvergi yfir lélegum texta viku hann, í ágætum formála að bókinni, að því hve slæm áhrif illa skrifaðir textar geti haft á allt samfélagið, upplýsingar, viðskipti, nemendur, neytendur og svo framvegis. Hann lýkur formálanum með því að bjóða þeim fjölmörgu pennum sem skrifa á nýju miðlana að nýta sér skriffærin á þroskabraut sinn sem rithöfundar.³

Rúnar Helgi Vignisson dósent í ritlist við Íslensku- og menningardeild Háskóla Íslands segir í grein sem birtist í *Skímu*, málgagni samtaka móðurmálskennara, að allir kennarar séu á einhvern hátt ritlistarkennarar. Í flestum kennslugreinum þurfi nemendur að skrifa texta en ritlistarþjálfun sem slík sé ekki fyrirferðarmikil í skólakerfinu:

Þegar ég les íslenska vefmiðla undrast ég iðulega hvað fólk getur komið með litla ritfærni út úr skóla, jafnvel út úr háskóla. Margir þeirra sem á vefina skrifa virðast ekki einu sinni hafa náð að tileinka sér námsefni sem maður lærði í ellefu ára bekk

¹ Guðmundur Andri Thorsson og Páll Valsson, „Þar sem sögueyjan rís. Hjólað í Einar Kárason“, viðtal við Einar Kárason, *Teningur*, 1. tbl. 1985, bls. 36-54, hér bls. 39.

² Roy Peter Clark, *Writing Tools: 50 Essential Strategies for Every Writer*, New York, Boston, London: Little, Brown & Company, 2006, bls. 202.

³ Clark, *Writing Tools*, bls. 7-8.

[...] stóra spurningin hér er hvernig fólk kemst hjá því að læra að tjá sig sómasamlega í rituðu máli í skólakerfinu og hvernig breyta megi því.⁴

Hrafnhildur Ragnarsdóttir prófessor í þroskasálfræði og sálmálfvísindum við Menntavísindasvið Háskóla Íslands vinnur að merkilegu rannsóknarverkefni sem heitir *Mál í notkun: tal- og ritmál barna, unglunga og fullorðinna* og er íslenski hlutinn í sjö landa samanburðarrannsókn þar sem rannsökuð er þróun textagerðar frá miðbernsku til fullorðinsára. Textar fjögurra aldurshópa (11, 14, 17 ára og fullorðinna) eru skoðaðir með tilliti til þróunar í textagerð eftir aldri þar sem lengd setninga og málsgreina, orðaforði og hugtakanotkun var meðal annars skoðað. Niðurstöður íslensku rannsóknarinnar voru ólíkar niðurstöðum hinna landanna þar sem stærsta framfarastökkið var milli 14 og 17 ára unglunga, en á Íslandi var enginn munur á þessum hópum, heldur urðu mestu framfarirnar milli 17 ára unglunga og fullorðinna.⁵ Í grein sem Hrafnhildur skrifar um rannsóknina veltir hún upp þeirri spurningu hvort ástæðu þessarar óvæntu niðurstöðu sé að leita í íslenskum kennsluháttum og færir fyrir því rök að áhersla á stafsetningu og málfræði í efstu bekkjum grunnskóla komi ef til vill niður á kennslu í textagerð.⁶

Clark leggur áherslu á að æfing, umritun og gagnrýni séu mikilvægar vörður á leiðinni að góðum texta. Ófullkomin uppköst og hálfgerðar skissur geta verið nauðsynlegar að hans mati og Rúnar Helgi Vignisson tekur í sama streng í greininni sem hér hefur verið vitnað til.⁷ Skriffæri á borð við þau sem Clark hefur samið gætu væntanlega gagnast íslenskum kennurum og nemendum.

2. Roy Peter Clark

Roy Peter Clark er fæddur í New York árið 1948. Hann er rithöfundur, ritstjóri og ritlistarkennari eða „ritþjálfari“ (e. writing coach) eins og það er kallað á ensku. Hann lauk doktorsprófi í ensku frá Stony Brook University og hóf að því loknu kennslu í Montgomery í

⁴ Rúnar Helgi Vignisson, „Gagnsemi ritlistar“, *Skíma*, 1. tbl. 34. árgangur 2001, sótt 11. febrúar af <http://www.modurmal.is/skima/37/80-gagnsemi-ritlistar>. *Skíma* er vef tímarit sem birtist á slóðinni: <http://www.modurmal.is/skima>.

⁵ Hrafnhildur Ragnarsdóttir, „Þróun textagerðar frá miðbernsku til fullorðinsára: Lengd og tengingar setninga í frásögnum og álitsgerðum“, *Uppeldi og menntun*, 16. árg. 2. tbl. 2007, bls. 139-159, hér bls. 139 og 154-155. Íslensku unglungarnir voru reyndar einu til tveimur árum eldri en þátttakendur hinna landanna til að jafna út muninn sem er á skólastigum á Íslandi og annar staðar, sem gerir muninn á niðurstöðunum enn meira sláandi.

⁶ Sama heimild, bls. 156. Það er ágætt að halda því til haga að munurinn á unglungunum í löndunum skilaði sér ekki til fullorðinsára, heldur sömdu fullorðnu Íslendingarnir lengstu og ítarlegustu textana.

⁷ Rúnar Helgi Vignisson, „Gagnsemi ritlistar“.

Alabama. Árið 1977 réðist hann til starfa hjá *St. Petersburg Times* í Sankti Pétursborg í Flórída og hefur starfað þar síðan við blaðamennsku, ritstörf og kennslu. Hann er varaforseti og kennari í The Poynter Institute sem er skóli og nokkurskonar hugveita eða rannsóknarsetur fyrir blaðamenn og rithöfunda. Hann er þekktur á sínu sviði og hefur hlotið ýmsar viðurkenningar fyrir störf sín, setið í dómnefnd Pulitzer-verðlaunanna og komið fram í vinsælum sjónvarpsþáttum í Bandaríkjunum, svo sem Ophra Winfrey Show.

Writing Tools: 50 Essential Strategies for Every Writer er víðlesnasta bók eftir hann en hann hefur skrifað og ritstýrt sautján bókum um skrif og blaðamennsku. Þeirra á meðal eru *The Glamour of Grammar: A Guide to the Magic and Mystery of Practical English, Help! For Writers* og *How to Write Short: Word craft for Fast Times*. *Writing Tools* er á nokkrum metsölulistum á Amazon.com.⁸

3. Bókin *Writing Tools*

Bókin er aðallega ætluð höfundum verka annarra en skáldverka, kannski einna helst blaðamönnum sem skrifa pistla og greinar. Bókin hefur þó víðari skírskotun, hún gæti vel gagnast þeim sem fást við skáldskap eða einfaldlega nemendum sem skrifa ritgerðir og reyndar öllum sem stunda ritstörf af einhverju tagi. Clark tekur sérstaklega fram í formála að þótt skáldskapur sé listgrein geti allir náð tökum á skrifum, til að stunda ritstörf þurfi enga sérgáfu heldur sé um kunnáttu að ræða sem hægt er að öðlast færni í og þroska með sér. Skriffærin urðu til í The Poynter Institute og Clark segir í formála að þau hafi komið jafnt kennurum, nemendum, blaðamönnum og ljóðskáldum að gagni.⁹ Hann leggur áherslu á að skriffærin séu gagnleg hjálpartæki en ekki reglur og margir snilldarlega gerðir textar gangi þvert á þær ráðleggingar sem hann gefur.¹⁰

Eins og fram hefur komið eru skriffærin 50 og þeim er skipt í fjóra kafla, efnisyfirlitið má sjá á blaðsíðu 11 í þessari ritgerð. Clark fer frá hinu smáa til hins stóra ef svo má segja, fyrsta skriffærið heitir „Hefjið setningar á frumlagi og sögn“ og svo fikrar hann sig áfram að lokaskriffærinu, „Eignið ykkur skriffærin,“ þar sem hann fjallar um heildarmyndina og ferlið í sínum eigin skrifum. Kaflaheitin bera þessa uppbyggingu með sér, en þau eru eftirfarandi:

⁸ Þann 10. mars 2014 var hún í 10. sæti í flokknum Education & Reference> Writing, Research & Publishing Guides> Publishing & Books, og í því 8. ef farið var einu skrefi lengra á síðunni, eða frá Publishing & Books í Authorship. Hún var í 28. sæti í Education & Reference> Writing, Research & Publishing Guides>Writing>Writing Skills og í því 19. sé farið frá Writing í Fiction, sjá til dæmis: http://www.amazon.com/Best-Sellers-Books-Fiction-Writing-Reference/zgbs/books/12022/ref=zg_bs_nav_b_5_12053.

⁹ Clark, *Writing Tools*, bls. 4.

¹⁰ Sama heimild, bls. 6.

Boltar og skrífur, Brellur, Útlínur og Gagnlegar venjur. Hver kafli er fjórar til fimm síður og endar á verkefnum. Í innganginum tekur Clark fram að verkefni séu ætluð kennurum og nemendum sé bókin notuð í kennslu en leggur ekki áherslu á að almennur lesandi leysi þau – en stingur á hinn bóginn uppá að hann lesi þau.¹¹

4. Íslenskar kennslubækur

Á íslensku er að finna nokkrar bækur sem fjalla um skrif sem aðallega eru ætlaðar nemendum. Þar eru helstar: *Fram á ritvöllinn* (1989) eftir Baldur Sigurðsson og Bjarna Ólafsson, *Handbók um ritun og frágang* (1988) eftir Ingibjörgu Axelsdóttur og Þórunni Blöndal, *Hagnýt skrif* (1999) eftir Gísla Skúlason og *Það er leikur að skrifa* (1991) eftir Ólaf M. Jóhannesson. Þessar bækur eru allar prýðilegar og þótt hver sé með sínu sniði má finna í þeim sömu grunnþætti sem gagnast nemendum, þætti sem eru hagnýtir og flestir geta verið sammála um. Til dæmis ólíkar gerðir ritsmíða (t.d. ritgerð, blaðagrein, sögu, gagnrýni), byggingu, sjónarhorn, málsnið og þætti eins og efnisgreinar og setningar. Einnig er fjallað um undirbúning, meðferð og skráningu heimilda og frágang. *Það er leikur að skrifa* sker sig þó nokkuð frá hinum því hún takmarkar sig við hinar ýmsu greinar blaðaskrifa, fréttir, gagnrýni, minningargreinar, íþróttalýsingar, kjallaragreinar og slúðurdálka, sérkenni þeirra og hvað greinir þær hver frá annari. Allar þessar bækur eru ætlaðar framhaldsskólanemum eins og fram kemur í formála þeirra eða á bókarkápu.¹²

Höfundar bókanna tiltaka margvísleg og skemmtileg dæmi, kannski einna síst höfundar *Handbókar um ritun og frágang* enda er sú bók eins og titillinn ber með sér handbók, þar sem margt er tekið til umfjöllunar á stuttan en skörinortan hátt. Góð dæmi í bókum sem fjalla um ritlist sýna ekki eingöngu það sem höfundur fjallar um, heldur um leið hve erfitt er að meta gæði texta eftir ákveðnum stöðlum, þar sem engir tveir eru eins og margir góðir textar ganga einmitt þvert á allar „ritreglur“, svo sem í uppbyggingu. Ólafur gerir þessu ágæt skil, en hann leggur mikið upp úr byggingu eða formi blaðaskrifa en í kafla sem ber heitið „Upphafsorð“ tekur hann dæmi af grein eftir Málfríði Einarsdóttur sem hefst án slíkra upphafsorða en í því felst kannski einmitt hin „skáldlega dínámík“ sem verður ekki skilgreind í kennslu- eða handbók.¹³

¹¹ Sama heimild, bls. 7.

¹² Sjá Baldur Sigurðsson og Bjarni Ólafsson, *Fram á ritvöllinn*, Reykjavík: Mál og menning, 1991; Gísli Skúlason, *Hagnýt skrif. Kennslubók í ritun*, Reykjavík: Mál og menning, 1999; Ingibjörg Axelsdóttir og Þórunn Blöndal, *Handbók um ritun og frágang*, Reykjavík: Mál og menning 2006; Ólafur M. Jóhannesson, *Það er leikur að skrifa*, Reykjavík: Iðnú 1991.

¹³ Ólafur M. Jóhannesson, *Það er leikur að skrifa*, bls. 26.

Þessar íslensku bækur eru nokkuð ólíkar *Writing Tools*. Hún er lausari í forminu og ber þess síður merki að vera kennslubók en kafar dýpra í sjálfa textagerðina, hin finni blæbrigði texta, hvernig varpa megi upp myndum í stað þess að lýsa, höfundarrödd og verkfælni svo dæmi séu tekin, atriði sem ekki er hægt að ná tökum á með því einu að vera vel að sér í grunnatriðum eins og byggingu og meðferð heimilda. Clark hefur ríka hefð að sækja í og vísa til þar sem ótal margar bækur í svipuðum dúr hafa verið skrifaðar á ensku. Þessar mörgu og góðu bækur má vafalaust nota í kennslu í íslenskum háskólum þótt þær séu á ensku en óneitanlega væri mikill fengur að góðri ritlistarbók eftir íslenskan höfund með íslenskum dæmum.

5. Um þýðinguna

Bækur um skrif og ritlist hafa ekki verið þýddar á íslensku. Höfundar slíkra bóka taka mörg og margvísleg sýnisdæmi, oft úr þekktum verkum sem hafa litla merkingu í menningarheimi þess tungumáls sem þýtt er á, eins og minnst var í inngangi, auk þess sem höfundareinkenni eða stílbrögð sem koma fram í sýnisdæmum og fjallað er um í meginmáli bókanna, skila sér ef til vill alls ekki í þýðingu. Í *Writing Tools* tekur Clark til að mynda stuttan kafla úr bók eftir Amy Tan, *Leik hlæjandi láns*, sem dæmi um einfaldan en kraftmikinn texta. Clark bendir á að í textanum eru 55 einsatkvæðisorð og einungis eitt orð sem er þrjú atkvæði.¹⁴ *Leikur hlæjandi láns* hefur verið þýddur á íslensku en þetta einkenni skilar sér ekki í þýðingunni, og er þar ekki við þýðandann að sakast heldur býður íslenskan einfaldlega ekki upp á það. Umfjöllun Clarks um textann fellur því um sjálfa sig og kaflinn verður óþýðanlegur. Hann tekur einnig mörg textadæmi úr bandarískum dagblöðum, svo sem frásagnir af Íraksstríðinu og af fellibyljum sem gengið hafa yfir landið og hafa aðra og nærtækari merkingu fyrir Bandaríkjamenn heldur en Íslendinga. Dæmin voru því það fyrsta sem stóð í þýðandanum. Ég lét mér detta í hug að sleppa sýnisdæmum en sá fljótlega að eftirtekjan yrði heldur rýr því þau eru tekin til rækilegrar skoðunar í meginmáli. Af sömu ástæðu var ekki hægt að skipta þeim út fyrir íslensk dæmi. Í upphafi valdi þýðandi þá kafla sem höfðuð mest til hans en af ofangreindum ástæðum lentu margir þeirra undir hnífnum og í staðinn voru þýddir kaflar sem einfaldlega hentuðu betur til þýðingar. Til dæmis er síðasti hluti bókarinnar Gagnlegar venjur auðþýddur þar sem hann er án textadæma og úr honum birtast hér fimm skriffæri. Ekkert þeirra var hins vegar á upphaflega listanum. Þó skal tekið fram að síðasti hluti bókarinnar

¹⁴ Clark, *Writing Tools*, bls. 61-62.

vinnur svo á við nánari kynni að þýðandi er mjög sáttur við að hafa þau skriffæri í þýðingunni, sem og öll þau sem ekki voru valin í fyrstu atrennu.

Í þýðingarvinnunni var helst haft til viðmiðunar að þýddur texti komi frumtexta til skila án þess að svo kallaður „þýðingarblær“ verði á þýðingunni. Þegar slíkt markmið er haft að leiðarljósi og vel tekst til má segja að þýðingin líti út eins og textinn hafi verið skrifaður á íslensku þótt slíkt geti auðvitað verið erfitt og vandasamt. Margt kemur til, einkenni tungumáls frumtextans og ekki síður sú menning sem hann er sprottinn úr ef hún er mjög frábrugðin menningu þýðingarmálsins. Til útskýringar má til dæmis nefna klassískar rússneskar bókmenntir þar sem trú og kirkja eru oft mjög fyrirferðarmikil, ekki bara í samfélagi sögupersónanna heldur einnig í innra lífi þeirra. Íslenskar þýðingar á rússneskum bókmenntum verða alltaf á einhvern hátt framandi af þessum sökum. Önnur einföld dæmi mætti taka úr bandarísku barnaefni sem mikið er þýtt á íslensku. Í því tönnlast til dæmis persónur á nafni hveggjar annarrar í samtölum sem ekki er sérlega eðlilegt í íslensku máli. Þá er sögnin *to love* iðulega notuð ef einhverjum líkar eitthvað og ef hún er sífellt þýdd sem *elska* heyrir frummálið í þýðingunni, en auðvelt er að laga slíkt orðfæri að „eðlilegu“ íslensku máli.

Hugtakið *jafngildi* er lykilhugtak í þýðingafræði. Bandaríski biblíu- og þýðingafræðingurinn Eugene A. Nida (1914-2011) kynnti hugtakið til sögunnar í bók sinni *Toward a Science of Translating* sem kom út árið 1964, en hún er tímamótaverk í sögu greinarinnar. Í hugtakinu felst að í þýðingu séu sömu skírskotanir og í frumtextanum. Hugtakið getur, eins og Ástráður Eysteinnsson orðar svo vel í *Tvímælum*, „sveigt framhjá því „hneyksli“ að þýðing geti ekki sagt hið sama og frumtextinn.“¹⁵ Jafngildi getur verið annað tveggja, formlegt (e. formal equivalence) eða áhrifajafngildi (e. dynamic equivalence) en formlegt jafngildi „beinir athygli að boðunum sjálfum, bæði formi þeirra og inntaki [...]. Frá þessum formlega sjónarhóli er þýðanda í mun að boðin í viðtökumálinu svari eins nákvæmlega og mögulegt er til hinna ýmsu þátta í frummálinu.“¹⁶ Þegar formlegt jafngildi er notað eru orð til dæmis ekki flutt milli orðflokka, setningar ekki brotnar upp né orðaval lagað að markmálinu, þýðingin er „orðrétt“. Áhrifajafngildi byggir aftur á móti á:

¹⁵ Ástráður Eysteinnsson, *Tvímæli*, Bókmenntafræðistofnun, Reykjavík: Háskólaútgáfan, bls. 89. Í umfjöllun minni um jafngildi í málsgreininni er stuðst við sömu heimild, bls. 89-90.

¹⁶ Sama heimild, bls. 90. Þessi texti er þýðing Ástráðs á texta Nida. Ástráður vitnar til: Nida, Eugene A. *Toward a Science of Translating. With Special Reference to Principles and Procedures Involved in Bible Translating*, Leiden: E.J. Brill 1964, bls. 159.

Algjörlega eðlilegri framsetningu og reynir að setja viðtakandann í samband við hegðanamynstur sem ríkjandi er í hans eigin menningarsamfélagi; slíkt jafngildi krefst þess ekki að hann skilji menningarþætti í samhengi frummálsins til að skilja boð textans.¹⁷

Áhrifajafngildi er sum sé það þegar þýðandinn leggur áherslu á að áhrifin sem þýðingin hefur jafngildi þeim áhrifum sem frumtextanum er ætlað að hafa á lesendur. Nú þarf varla að taka fram að vandi er að skilgreina til fulls áhrifin sem frumtextinn hefur þótt í flestum tilvikum geti þýðandinn metið þau í meginatriðum eftir sjálfs síns skilningi, rannsóknnum, andblæ og inntaki textans. En hér kemur hinn ágæti smekkur viðtakanda og þýðenda til sögunnar einu sinni sem oftast þegar fjallað er um þýðingar. Eins er rétt að taka fram, þótt þess þurfi líklega ekki heldur, að Nida er að skilgreina og koma í fræðilegt samhengi aðferðum og hugmyndum sem þýðendur hafa notað í aldanna rás en ekki að finna upp nýjar aðferðir þótt hugtökin og skilgreiningarnar séu hans. Formlegt jafngildi og áhrifajafngildi eru hvort á sínum enda á sömu spýtu og færast þýðingar er hægt að staðsetja á sjálfum endunum heldur einhvers staðar á milli þeirra. Sú sem hér þýðir aðhyllist áhrifajafngildi. Þá er vitanlega nauðsynlegt að greina frumtextann.

Writing Tools er þægileg og auðveld aflestrar, létt og leikandi ef svo má að orði komast, eins og kennari sé að tala við nemendur sína í vinsamlegum tóni. Hann er uppbyggilegur og „opin“, það er, hugmyndum er varpað fram en ekkert er bannað og ekkert klappað í stein – eins mætti segja að hann sé jákvæður í garð lesandans og ákveðið jafnræði ríki milli höfundar/kennara og lesanda/nemanda, þar sem sá fyrrnefndi setur sig ekki á háan hest gagnvart viðmælanda sínum. Þá er textinn skemmtilegur, stíllinn er frekar hversdagslegur þar sem engu er ofaukið, orðfærið einfalt og skiljanlegt – hvorki orðskruð né mikil stílbrögð eru notuð. Skilaboðin eru alltaf skýr og hugsunum komið til skila á einfaldan hátt. Þessu er reynt að halda til haga.

Á íslensku er notað ópersónulega fornafrnið „maður“ en ekki „þú“ eða „þið“ eins og tíðkast í ensku. Eðlilegast er að þýða „When you write ...“ með „þegar maður skrifar ...“. En í þessari þýðingu fannst þýðanda mikil eftirsjá í persónufornöfnunum „þú“ og „þið“, því höfundur talar til lesanda sinna eins og kennari til nemenda. Hann talar talsvert um sjálfan sig og sína reynslu og samsamar sig lesendum með því að skrifa „við“; „við ættum ...“, „við verðum ...“ og „við skulum ...“ og þess háttar. Stíllinn felur í sér eins konar samtal, þótt

¹⁷ Ástráður Eysteinnsson, *Tvímæli*, bls. 91. Þessi texti er þýðing Ástráðs á texta Nida. Hann vitnar til heimildar sem getið er í neðanmálsgrein hér að ofan, sömu síðu.

höfundurinn sé vitaskuld einn um að „tala“, en þau áhrif hverfa ef ópersónulega fornafnið „maður“ er einungis notað. Því er farin sú leið að nota annarrar persónu fornafnið í eintölu til áhersluauka, til dæmis: „Nánast allir rithöfundar skjóta verkefnum á frest og því er nokkuð líklegt að þú gerir það líka,“ en það er gert ákaflega sparlega. Annars er ýmist notað ópersónulega fornafnið „maður“, þolmynd eða boðháttur í annarri persónu fleirtölu. Þegar höfundur skrifar í fyrstu persónu fleirtölu er það oftast þýtt „beint“. Fyrirsagnirnar á skriffærunum eru í boðhætti í frumtextanum og þær eru hafðar í annarri persónu fleirtölu á íslensku og með því er reynt að halda í persónulegan blæ textans án þess að hann verði of enskuskotinn.

Vísanir í heimildir eru eins og í frumtexta.

6. Efnisyfirlit *Writing Tools*

Fyrsti hluti: Boltar og skrúfur

1. Hefjið setningar á frumlagi og sögn
2. Látið mikilvægi orða ráða staðsetningu þeirra
3. Nýtið sagnorðin
4. Veikar sagnir virka líka
5. Vandíð notkun atviksorða
6. Hugíð vel að sagnorðanotkun
7. Hræðist ekki langar setningar
8. Búið til form, brjótið það svo upp
9. Notið greinarmerki til að mynda hraða og pláss
10. Klippið mikið – svo lítið

Annar hluti: Brellur

11. Takið hið einfalda fram yfir hið tæknilega
12. Leyfið lykilordum að njóta sín
13. Leikið ykkur með orð, líka þótt viðfangsefnið sé alvarlegt
14. Finnið nafnið á kvikyndinu
15. Nöfn skipta máli
16. Frumlegt myndmál
17. Nýtið ykkur skapandi skrif annarra höfunda
18. Setningalengd stjórnar hraða
19. Mislangar málsgreinar

20. Fjöldi fyrirbæra þjónar tilgangi
21. Á höfundur að hafa sig í frammi eða halda sig til hlés?
22. Afstætt eða sértækt
23. Stillið röddina

Þriðji hluti: Útlínur

24. Gerið áætlun
25. Munurinn á frétt og sögu
26. Samtöl eru hluti af atburðarrásinni
27. Lýsið persónum
28. Skrýtið og skemmtilegt
29. Látið textann vita á það sem koma skal
30. Haldið spennunni með spennandi milliköflum
31. Byggið verkið á lykilspurningu
32. Gefið lesandanum eitthvað bitastætt
33. Endurtakið, endurtakið og endurtakið
34. Skrifnið út frá mismunandi sjónarhorni
35. Sviðsetjið atburði
36. Notið ólíka frásagnarhætti
37. Hvert atkvæði skiptir máli
38. Takið erkitypur fram yfir steríótýpur.
39. Skrifnið að endi

Fjórði hluti: Gagnlegar venjur

40. Skrifnið lýsingu á verkinu og um hvað það er
41. Snúið frestun upp í æfingu
42. Vinnið heimavinnuna tímanlega
43. Veitið formi og innihaldi athygli þegar þið lesið
44. Safnið efni
45. Brjótið löng verkefni niður í smærri einingar
46. Sýnið öllu áhuga sem gagnast verkinu
47. Komið ykkur upp stuðningsliði
48. Beislið sjálfsgagnrýni í fyrstu uppköstum
49. Fagnið gagnrýni
50. Eignið ykkur skriffærin.

7. Þýðing

10. skriffæri

Klippid mikið – svo lítið

Klippid burt heilar greinar, hristið svo visin laufblöð burt

Það er góð tilfinning að vera hrifinn af eigin orðum en það getur haft slæmar afleiðingar. Þegar höfundar verða ástfangnir af tilvitnunum sínum, persónum, bröndurum og myndmáli, geta þeir ekki hugsað sér að strika þau út. En þau verða að fara. Árið 1914 orðaði breski rithöfundurinn Arthur Quiller-Couch þetta blátt áfram: „Dreptu gullin þín.“

Slíku miskunnarleysi er best að beita undir lokin, þegar hægt er að leggja mat á sköpunarverkið með kaldrifjaða dómgreind að vopni. Hvert einasta orð verður að skipta máli.

„Kraftmikil skrif eru knöpp“ sagði William Strunk í fyrstu útgáfunni af *The Elements of Style*.

Setning ætti ekki að innihalda nein óþörf orð, málsgrein enga óþarfa setningu, af sömu ástæðu og teikning ætti ekki að innihalda neinar óþarfar línur eða vél óþörf stykki. Þetta þýðir ekki að rithöfundur hafi allar setningar stuttar eða að hann forðist öll smáatriði og dragi aðeins upp útlínur viðfangsefnisins, heldur að hvert orð hafi merkingu.

En hvernig?

Byrjið á því strika út heila kafla. Donald Murray kenndi mér að gera texta gagnorðan með því að velja úr, ekki þjappa saman; skera burt heila kafla úr verki. Wolfe fékk ritstjóra sínum, Maxwell Perkins, handrit sem vó mörg kíló og mátti flytja á hjólbörum. Þessi frægi ritstjóri ráðlagði hinu fræga skáldi: „Textinn er ekki of orðmargur. Það þarf strika út heila kafla, ekki setningu og setningu.“ Perkins stytta einn fjögurra síðna kafla um frænda Wolfes niður í sex orð: „Henry, sá elsti, stóð á þrítugu.“

Ef markmiðið er að vera nákvæm og gagnorð, byrjið þá á því að klippa burt heilar greinar af trénu. Dauð laufblöð má hrista af síðar.

- Strikið út þá kafla sem styðja ekki við meginviðfangsefnið. Strikið út veikustu tilvitnanirnar, brandarana og kaflana til að þeir sterku njóti sín betur.
- Strikið út alla kafla sem skrifaðir voru til að þóknast kröfuhörðum kennara eða ritstjóra frekar en almennum lesanda.
- Ekki leyfa öðrum að strika út. Höfundurinn þekkir verkið best. Merkið við það sem má fara. Ákveðið síðan hvað á að fara.

Gerði alltaf ráð fyrir tíma í umritun, en ef unnið er undir tímapressu, gerði eins og hægt er; strikið út setningarhluta, orð, jafnvel atkvæði. William Zinsser er fyrirmyndin að þessari aðferð. Í öðrum kafla í *On Writing Well*, sýnir hann hvernig hann strikaði út óþarfa í lokauppköstum að bókinni. „Jafnvel þótt hér virtist vera um fyrsta uppkast að ræða, var þegar búið að umrita og vérlita upp textann ... fjórum eða fimm sinnum. Við hverja umritun reyni ég að þetta textann, gera hann sterkari, nákvæmari og strika allt út sem ekki skiptir máli.“

Í uppkastinu talar Zinsser um baráttu lesandans: „Hann á alla mína samúð. Hann er ekki svo vitlaus. Ef lesandinn villist af leið er það yfirleitt vegna þess að höfundur greinarinnar hefur ekki gætt þess nægilega vel að halda honum við efnið.“ Þessi kafli virðist býsna skorinortur og því er fróðlegt að sjá hvernig höfundurinn sker fituna burt. „Alla“ fær að fjúka. Líka „Hann er ekki svo vitlaus“ og „greinarinnar.“ Og líka „gætt þess nægilega vel að.“¹⁸

Kaflinn varð þá svona: „Hann á samúð mína. Ef lesandinn villist af leið er það yfirleitt vegna þess að höfundurinn hefur ekki haldið honum við efnið.“ 22 orð eftir af hinum upphaflegu 34.

Þetta mætti strika út:

- Atviksorð sem notuð eru til að leggja aukna áherslu á eitthvað en ekki draga úr: *einmitt, auðvitað, algjörlega, ákaflega, fullkomlega, nákvæmlega.*
- Forsetningarliðir sem endurtaka hið augljósa: í sögunni, í greininni, í myndinni, í borginni.

¹⁸ Hér er textanum lítillega breytt. Í frumtextanum eru síðustu orðin í tilvitnuninni í Zinsser: „...not been careful enough to keep him on the proper path.“ Zinsser hefur að síðustu strikað „proper“ út, og Roy Peter Clark bætir við að hann sjálfur hefði haldið „proper path“ vegna stuðlanna. Þar sem þýðandi fann ekki heppilega stuðlasetningu er athugasemd Clarks tekin út.

- Orðasambönd með óþarfa sögnum: *virðist vera að, hneigist til að, ætti að reyna að, reyni að.*
- Nafnorð sem koma í staðinn fyrir áhrifssagnir: *hugleiðing* í staðinn fyrir *að hugleiða*; *dómur* í staðinn fyrir *að dæma*; *athugun* í staðinn fyrir *að athuga*.
- Endurtekningar: *það var heitt og mollulegt.*

Uppkastið að þessum kafla var 846 orð. Þessi útgáfa er 677 orð, 20% fækkun.

11. skriffæri

Takið hið einfalda fram yfir hið tæknilega

Notið stutt orð, setningar og málsgreinar ef viðfangsefnið er flókið

Þetta skriffæri gerir hinu einfalda hátt undir höfði, en góður rithöfundur getur gert hið einfalda margslungið – með áhrifaríkum hætti. Þá þarf hann að hafa vald á því sem kallast *framandgerving*, vonlaust orð sem þýðir að rithöfundur gerir hið hversdagslega skrýtið. Kvikmyndaleikstjórar skapa þessi áhrif með nærmyndum eða skotum frá erfiðum eða einkennilegum sjónarhornum. Það getur reynst þrautin þyngrri að ná þessum áhrifum í texta en þau eru að sama skapi ákaflega hrífandi eins og lýsing E.B. Whites á rökum degi í Flórída:

Suma daga gegnsýrir rakt loftið allt lífið, allt sem lifir. Það kviknar ekki á eldspýtunum. Þvotturinn á snúrunni verður rakari með hverju andartakinu. Dagblöðin, sem fjalla um afnám kynþáttaaðskilnaðar, leka úr höndum manns og falla mjúklega ofan í kaffið og egginn. Umslögin lokast af sjálfu sér. Frímerkin maka sig af sama hispursleysi og engisprettur. (úr „The Ring of Time“)

Og hinu yfirmáta hversdaglega fyrirbæri, yfirvaraskeggi á kennara, lýsir Roald Dahl svona í bernskuminningum sínum *Boy*:

Sannarlega óhugnanleg sjón, þykkt appelsínugult limgerði sem óx og blómstraði milli nefnsins og efri vararinnar og breiddi úr sér yfir andlitið þvert, frá miðju annars vangans yfir á hinn. ... Tilkomumiklar krullurnar voru því líkastar að hann hefði látið setja í það permanett eða krullað það með jární sem hitað hefði verið yfir eldi um morguninn. ... Að lokum var sá möguleiki fyrir hendi, ákváðum við strákarnir, að krullurnar stöfuðu af látlausri og endurtekinni burstun upp á við með hörðum tannbursta fyrir framan spegilinn á hverjum morgni.

Bæði White og Dahl sýna okkur alþekkt fyrirbæri – rakan dag og yfirvaraskegg – í gegnum linsu stílsins og við upplifum þau á nýjan hátt.

Það er miklu algengara að rithöfundur þurfi að einfalda texta fyrir lesandann. Við getum kallað þá aðferð, að hversdagsgera, hið skrytna, óljósa eða flókna er útskýrt og gert skiljanlegt, jafnvel hversdagslegt.

Þegar rithöfundar fjalla um flóknar hugmyndir verður textinn því miður allt of oft flókin. Þá verða til setningar eins og þessi hér sem tekin er úr leiðara sem fjallaði um stjórn New York ríkis:

Til að afstýra allt of algengum lögleiðingum krafna án tillits til kostnaðar og skattahækkana hefur nefndin lagt til að tilgreina skuli hagsmuni alls ríkisins á öllum framlögðum tilskipunum, og að ríkið skuli endurgreiða að hluta kostnað sveitarstjórna vegna sumra tilskipana ríkisins og að fullu vegna tilskipana sem kalla á aukinn starfsafla, breyttar starfsaðstæður og eftirlaun.

Fyrir þessu torfi eru tvær mögulegar ástæður: Höfundurinn skrifar ekki fyrir almenna lesendur heldur sérfræðinga, lögspekinga sem þekkja viðfangsefnið. Eða höfundurinn heldur að formið eigi að lúta efninu, að flóknum hugmyndum beri að koma til skila með flóknum texta.

Honum veitir ekki af heilráðum Donalds Murrays ritþjálfar en hann segir að styttri orð og orðasambönd og einfaldari setningar þjóni lesandanum best þegar viðfangsefnið er mjög flókið. Hvað ef lesendur fengu eftirfarandi þýðingu á leiðaranum?

New York ríki samþykkir oft lög sem segir sveitarstjórnnum fyrir verkum. Þessi lög kallast Ríkistilskipanir. Oft og tíðum eru þau til bóta fyrir alla íbúa ríkisins. En þeim fylgir kostnaður. Ríkið tekur ekki nægilegt tillit til útgjalda sveitarstjórnanna, eða hversu miklu skattborgararnir þurfa að punga út. Við erum

með hugmynd. Ríkið ætti að endurgreiða sveitarstjórnnum eitthvað af þeim kostnaði sem fylgir þessum svokölluðu tilskipunum.

Munurinn á þessum tveimur köflum er athyglisverður. Sá fyrri er fimm línur. Ég bæti aðeins tæpri línu við í umrituninni. Upphaflegi textinn er aðeins ein setning en í umritaða textanum eru sjö setningar. Ég nota einfaldari orð og stuttar setningar. Kaflinn er skýrari.¹⁹ Það er ákveðinn tilgangur með því að nota þessa aðferð: Svo venjulegur borgari skilji hvernig vinna ríkisstjórnarinnar gengur fyrir sig, til að gera það sem er framandi skiljanlegt.²⁰

Hafið í huga að það er ekki bara lengd setninganna eða orðaval sem veldur því að texti verður skýr. Sá sem skrifar skýrt gerir það í vissum tilgangi – hann er ákveðinn í að skýra frá einhverju. Og hann þarf að hafa mikið fyrir því, skrifa, rannsaka, og vera gagnrýninn í hugsun. Höfundur getur ekki greint skilmerkilega frá neinu fyrr en hann skilur hið flókna viðfangsefni sjálfur. Þá og aðeins þá, getur hann tekið sér skriffæri í hönd og útskýrt fyrir lesendum: „Svona er þetta.“

16. skriffæri

Frumlegt myndmál

Forðist klisjur og hugmyndir sem koma fyrst upp í hugann

Borgarstjórinn vill hefja uppbyggingu í miðbænum sem er í niðurníðslu en hann vill ekki greina frá smáatriðum áætlunarinnar. Blaðamaður skrifar, „Hvað er í spilunum?“. Þetta er klisja, ofnotuð myndlíking, úr spilamennsku að sjálfsögðu. Andstæðingar borgarstjórans vilja sjá hvað hann hefur á hendi. Sá sem fyrst notaði þessa myndlíkingu skrifaði eitthvað nýtt, en með tímanum varð hún hversdagsleg – og margtuggin.

¹⁹ Hér er textinn nokkuð einfaldaður. Á ensku eru kaflarnir tveir tiltölulega jafnlangir en fyrri kaflinn er 58 orð en umritunin 81 orð, þar af 59 eins atkvæðisorð. Þetta er allt tiltekið í meginmálinu en sleppt hér þar sem þessi atriði skila sér ekki í íslenski þýðingu.

²⁰ Hér er sleppt nokkrum málsgreinum því merking þeirra skilar sér ekki í þýðingu. Í þeim er fjallað um heilræði Georges Orwells um að nota stutt orð frekar en löng, frekar orð af engilsaxneskum uppruna en grískum eða latneskum. Þá er einnig vitnað í bók Amy Tan, *Leik hlæjandi láns*, sem dæmi um áhrifamikinn texta með mörgum einsatkvæðisorðum, en slíkt skilar sér ekki í íslenski þýðingu.

„Notið aldrei myndmál, líkingu eða orðasambönd sem oft sjást á prenti“ segir George Orwell í „Politics and the English Language.“ Hann heldur því fram að klisjur séu staðgenglar hugsunar, eins konar sjálfvirk skrift: „Texti samanstendur æ sjaldnar af *orðum* sem valin eru vegna merkingar sinnar, en æ oftast af frösom sem klastrað er saman eins og einingum í hænsnakofa.“ Þetta síðasta er ný mynd, gott dæmi um frumleika.

Það ætti að varast að nota tungutak sem einkennir þá sem verið er að skrifa um. Þetta á sérstaklega við þegar skrifað er um íþróttir. Næstum hvert einasta viðtal sem tekið er við íþróttafólk að lokinni keppni – sama hver keppnisgreinin er – er morandi í klisjum:

„Við börðumst.“

„Við stóðum í lappirnar.“

„Við reyndum bara að hafa gaman af þessu.“

„Við tókum bara einn leik í einu.“

Það er aðdáunarvert að besta íþróttafréttafólkinu hafi tekist að vera jafn frumlegt og raun ber vitni. Skoðið þessa lýsingu Reds Smiths á einum frægasta kastara heims í hafnarbolta:

Páskadagur 1937 í Vicksburg, Mississippi. Vöðvastæltur strákur með dálitla undirhöku og djúpa spékoppa hengslaðist fram á völlinn til að hita upp með Indíánunum fyrir sýningaleik gegn Risunum. Axlabreiður og stórbeinóttur, þunglamalegur eins og dráttarklár. Hann hét Bob Feller og hvert mannsbarn vissi hver hann var.

Hvað á frumlegur rithöfundur að gera? Þegar útjaskaðir frasar vilja komast á blað, eins og „hvít sem mjöll“, er best að hætta að skrifa. Fara heldur að ráðum ljósmóðurinnar og *anda* sig í gegnum fæðinguna. Skrifa síðan gamla frasann niður. Og svo aðra möguleika:

hvít sem mjöll

hvít eins og Mjallhvít

mjallhvít

grá eins og snjórinn í borginni

grá eins og himinninn yfir borginni

hvít eins og Englandsdrottning

Saul Pett fréttamaður var kunnur fyrir stíl sinn. Hann sagði mér eitt sinn að hann fengi ótal hugmyndir að myndum sem hann hafnaði jafnharðan áður en honum dytti sú rétta í hug. Slík vinnubrögð ættu að vera öðrum innblástur, en þúlið sem þau kosta getur dregið úr manni. Þegar unnið er undir pressu er best að skrifa einfaldlega: „Borgarstjórinn vill ekki greina frá áætluninni.“ Ef maður freistist til að nota klisju, ætti að forðast að hafa aðrar klisjur nálægt henni.

Klisjur í tungumálinu eru þó ekki jafn slæmar og það sem Donald Murray kallar „fordómaklisjur“, þegar rithöfundar sjá veröldina frá þröngu sjónarhorni. Í *Writing to Deadline* telur Murray upp nokkrar gryfjur sem auðvelt er að falla í: fórnarlömb eru alltaf saklaus, ríkisstarfsmenn latir, stjórnámálamenn spilltir, það er kalt á toppnum, úthverfi eru leiðinleg.

Ég hef nefnt eina slíka fordómaklisju *fyrstu stigs sköpun*. Það líður ekki sú vika til dæmis án þess að „draumurinn breytist í martröð“ í amerískum fréttum. Þessa klisju má nota í næstum öllum sögum: kylfingurinn sem leikur fyrri níu brautirnar á 33 höggum en þær seinni á 44; framkvæmdarstjórinn sem fer í fangelsi vegna fjárvika; konan sem afmyndast vegna misheppnaðrar fegrunaradgerðar. Rithöfundar sem ná tökum á fyrstu stigs sköpun eru harla ánægðir með sig. En í rauninni skipa þeir sér á bekk með því venjulega, og hvort sem hann er dramatískur eða fyndinn, þá getur hvaða höfundaskussi sem er tryggt sér þar öruggt sæti með lágmarks áreynslu.

Mér er minnisstæð frétt um mann í Flórída sem var á leið heim í hádegismat þegar hann féll ofan í skurð þar sem krókódíll var fyrir. Slökkviliðsmenn komu mannum til bjargar en krókódíllinn náði samt að bíta hann. Á ritlistarnámskeiði gaf ég höfundum þessar staðreyndir og þeir áttu að skrifa fimm fyrirsagnir á fimm mínútum. Sumar fyrirsagnirnar voru einfaldar eins og fréttafyrirsagnir, aðrar smellnar og óvenjulegar, en nánast allir á námskeiðinu, að mér meðtöldum, voru með þessa útgáfu: „Þegar Robert Hudson gekk heim í hádegismat á fimmtudaginn, grunaði hann ekki að hann sjálfur yrði í matinn.“ Við vorum sammála um að ef þrjátíu okkar dattu niður á þennan brandara, væri augljóslega um fyrstu stigs sköpun að ræða. Við komumst að því að á næsta stigi hljómaði fyrirsögnin svona: „Líklega smakkast Robert Hudson eins og kjúklingur í kjafti tíu feta krókódíls.“ Við vorum einnig sammála um að velja frekar einfaldar fyrirsagnir heldur en fyrsta orðaleikinn sem kom upp í hugann. Frumlegur eða nýstárlegur texti er eins og ferskur andblær. Hugsíð ykkur til dæmis allar trúarlegu klisjurnar sem verða fyrir manni um eðli bænarinna og berið þær saman við þessa málsgrein eftir Anne Lamott úr bókinni *Traveling Mercies*:

Bestu bænirnar sem ég kann eru: „Hjálpaðu mér, hjálpaðu mér, hjálpaðu mér“ og: „Takk, takk, takk.“ Ég þekki konu sem biður á morgnana: „Hvað sem er,“ og svo á kvöldin: „Nú, jæja,“ en hún viðurkennir að þessar bænir henti kannski betur fólki sem ekki á börn.

Þessi kafli sýnir að það þarf engin ósköp til að vera frumlegur. Í nýju samhengi verða algengustu og ofnotuðustu orðasamböndin („Hvað sem er“ eða „Nú, jæja“) að hárbeyttri möntru.

21. skriffæri

Á höfundur að hafa sig í frammi eða halda sig til hlés?

Þegar viðfangsefnið er mikilvægt, dragðu úr; ef ekki, ýktu

Í „Why I Write“ segir George Orwell að „góður prósi sé eins og gluggarúða“. Bestu verkin fái lesandann til að veita veröldinni sem lýst er athygli en ekki færni rithöfundarins. Þegar við horfum á sjóndeildarhringinn út um gluggann, tökum við ekki eftir rúðunni, en samt er það hún sem ræður sjónarhorninu rétt eins og rithöfundurinn ræður sjónarhorni sögunnar.

Flestir höfundar skrifa með að minnsta kosti tvennum hætti. Annar segir, „Spáðu ekkert í höfundinn bak við gluggatjöldin. Bara í heiminn.“ En hinn segir blygðunarlaus, „Sjáðu mig. Er ég ekki sniðugur?“ Í mælskulist hafa þessir rithættir nafn. Sá fyrri er kallaður *vanhvörf*. Sá síðari *ofhermi* eða *ofhvörf*.

Eftirfarandi þumalputtaregla gagnast mér vel: Því alvarlegra eða átakanlegra sem viðfangsefnið er, því meir ætti höfundur að halda sig til hlés, þá er eins og sagan segi sig sjálf. En því léttvægara eða ómerkilegra sem viðfangsefnið er því meir getur höfundurinn haft sig í frammi. Halda sig til hlés eða hafa sig í frammi.

Sjáið upphafsorðin í *Hiroshima* eftir John Hersey:

Þegar klukkan var nákvæmlega fimmtán mínútur yfir átta að morgni 6. ágúst 1945, að japönskum tíma, á því augnabliki sem atómsprengjan sprakk í Hiroshima, var fröken Toshiko Sasaki, skrifstofukona á starfsmannaskrifstofu

East Asia Tin Works, rétt sest við skrifborðið sitt í verksmiðjunni og snéri sér til að tala við stúlkuna á næsta borði.

Þessi bók, sem margir segja að sé mikilvægasta verk 20. aldar í flokki bóka annarra en skáldsagna, hefst með lýsingu á hversdagslegustu aðstæðum, dag- og tímasetning er tiltekin, og tvær skrifstofustúlkur eru í þann veginn að hefja samræður. Atómsprengjan sjálf er falin inni í setningunni. Við ímyndum okkur hryllinginn í kjölfar sprengjunnar og þannig skapa vanhvörf Herseys kvíða og eftirvæntingu.

Svona byrjar Mikal Gilmore, bróðir hins fræga morðingja, Gary Gilmore, *Shot in the Heart*:

Mig langar að segja sögu. Sagan er um morð og er sögð innan úr húsinu sem morðinginn fæddist í. Ég ólst upp í þessu húsi og hef á vissan hátt aldrei getað yfirgefið það. Og ef ég á að eiga von um að komast héðan, verð ég að segja það sem ég veit. Nú byrja ég.

Atburðir sögunnar eru hrottalegir og sorglegir en texti Gilmores er einfaldur og tíðindalítill eins og klefi á dauðadeild.

Berið þessi vanhvörf saman við ævintýralegan stíl Sauls Petts sem skrifaði þessa lýsingu á hinum líflega borgarstjóra Ed Koch í Associated Press:

Hann er nýjasti laukurinn í beðum New York borgar, margbrotinn stjórnmalamaður, andstæðan við dæmigerðan leiðtoga, óviðráðanlegur, opinskár, hreinskilinn, ólíkindalegur, fyndinn, djarfur, sjálfstæður, alls óhræddur við þrýstihópa, ósexý, ómyndarlegur, illa klæddur en með mikla persónutöfra, maður sem hvílir sérkennilega vel í sjálfum sér í starfi þar sem enga hvíld er að fá, borgarstjóri sem stjórnar landsins stærsta Babelturni með ískrandi kæti.

Texti Petts er eins og atriði í fjölleikahúsi, það flæðir yfir, smá söngur, smá dans, skvettur og hamagangur og gosið sullast á buxurnar – þannig borgarstjóri var Koch. Þótt borgarpólitík geti verið alvörumál, gefur samhengið Pett leyfi fyrir smá loftfímleikum.

Snjall höfundur getur með ofhvörfum, eins og Anna Quindlen orðar það, „skrifað sér leið á forsíðuna“ eins og Bill Nottingham gerði daginn sem ritstjórinn fékk honum það

verkefni að fjalla um stafsetningarkeppni í *St. Petersburg Times*: „Lane Boy, þrettán ára er jafngóður í stafsetningu og Billy barnungi var í skotbardaga, svellkaldur og fullkomlega óskeikull.“

Til að skilja muninn á vanhvörfum og ofhvörfum er ágætt að skoða tvær ólíkar kvikmyndir eftir Steven Spielberg. Í *Schindler's List*, laðar Spielberg ringulreið helfararinnar fram frekar en að lýsa henni í myndrænum smáatriðum. Í svart-hvítri kvikmynd fylgjumst við með reynslu og óhjákvæmilegum dauða lítillar gyðingastúlku í rauðum kjól. Í *Saving Private Ryan* sjáum við skelfileg áhrif stríðsátaka við strendur Frakklands í innrásinni í Normandy, þar sem sundurtættir líkamspartar og blóð leika stór hlutverk – og allt í lit. Ég sjálfur er hrifnari af látlausari nálgun þar sem listamaðurinn skilur eitthvað eftir fyrir ímyndunaraflið.

„Ef það hljómar eins og skrif,“ skrifar beinskeytti rithöfundurinn Elmore Leonard, „skrifa ég það upp á nýtt.“

23. skriffæri

Stillið röddina

Lesið það sem þið skrifið upphátt

Af þeim áhrifum sem höfundar skapa eru engin jafn mikilvæg en jafnframt torræð og það sem kallað er *rödd*. Hver hefur ekki heyrt talað um að góðir rithöfundar vilji finna sína rödd? Og þeir vilja að sú rödd sé sönn.²¹

En hvað er rödd og hvernig stillir höfundur hana?

Bestu skilgreininguna á vinur minn og kollegi, Don Fry: „Rödd er summa allra þeirra aðferða sem höfundur notar til að skapa þá blekkingu að hann tali beint til lesandans af síðunni.“ Mikilvægustu orðin í þessari skilgreiningu eru „skapa“, „blekking“ og „tala“. Rödd er þau áhrif sem höfundur skapar og ná til lesanda í gegnum eyru hans, jafnvel þótt hann nemi skilaboðin með augunum.

²¹ Hér er hluta af setningunni sleppt. Á ensku er setningin svona: „And they want that voice to be *authentic*, a word that reminds me of *author* and *authority*.“ Því sem kemur á eftir kommunni er sleppt.

Ljóðskáldið David McCord minnst þess þegar hann tók eitt sinn upp gamalt eintak af tímaritinu *St. Nicholas* sem birti sögur eftir börn. Ein saga vakti athygli hans, og hann segir svo frá: „Skyndilega náði textakafla miklum tókum á mér, röddin var jarðbundnari og eðlilegri heldur en það sem ég hafði flett í gegnum. Þetta hljómar eins og E.B. White, hugsaði ég með mér. Svo sá ég undirskriftina, Elwyn Brooks White, 11 ára.“ McCord þekkti stíl – rödd – hins unga höfundar sem síðar skrifaði *Charlotte's Web*.

Ef það er rétt hjá Fry að rödd sé summa allra ritaðferða, hver þeirra aðferða er þá nauðsynleg til að skapa þá blekkingu að textinn sé tal? Til að svara þeirri spurningu, má hugsa sér litla græju sem kallast tónjafnari. Á honum eru 30 sleðar eða takkar og með þeim má stjórna sviði hljóða í magnara, svo sem bassahljóði og titringi. Til að ná hljóðinu sem sóst er eftir má ýta sleðanum sem stjórnar bassanum upp, minnka titringinn og bæta við örlitlu bergmáli.

Ef til væri handhægur „raddjafnari“, hverju myndu sleðarnir stjórna? Hér eru nokkur atriði, sett fram í spurningarformi:

- *Hvert er málsniðið?* Það er að segja, notar höfundur götuslangur eða rökvísi frumspekingsins? Er málsniðið nákvæmt og sértækt eða almennt, jafnvel óljóst? Breytist það í textanum?
- *Í hvaða persónu er textinn?* Notar höfundur fyrstu, annarrar eða þriðju persónu frásögn? Eintölu eða fleirtölu? Eða allt þetta?
- *Er mikið af tilvitnunum í textanum og þá hvernig?* Er vitnað til lágmenningar eða hámenningar? Til miðaldagudfræðings eða atvinnumanns í glímu? Eða bæði?
- *Notar höfundurinn myndmál eða önnur stílbrögð?* Vill höfundurinn hljóma eins og ljóðskáld sem beitir táknrænu myndmáli eða blaðamaður sem notar stílbrögð einungis til áhrifsauka?
- *Hver er dæmigerð lengd og bygging setninga?* Eru setningar stuttar og einfaldar? Langar og flóknar? Eða hvort tveggja?
- *Hversu hlutlaus er textinn?* Reynir höfundur að vera hlutlægur, hlutdrægur eða ástríðufullur?
- *Hvaða ramma býr höfundurinn efninu?* Er hann hefðbundinn eða ekki? Er höfundur að fást við dæmigert viðfangsefni og notar hefðbundið form til þess? Eða gerir hann tilraunir og er uppreisnargjarn?

Skoðið þennan texta eftir Edward R. Murrow, sem hljómaði á útvarpsstöðinni CBS, þegar útrýmingarþúðirnar í Buchenwald voru frelsaðar árið 1945. Lesið hann upphátt til að skynja rödd höfundar:

Við gengum inn. Gólfín voru steipt. Líkunum hafði verið staflað upp eins og trjádrumbum í tveimur röðum. Þau voru mjó og mjög hvít. Sum líkanna voru skelfilega marín, þótt ekki virtist hafa vera mikið kjöt á þeim til að merja. Sum höfðu verið skotin í höfuðið en blóðið var sáralítið. Öll voru nakin utan tveggja. Ég reyndi eftir bestu getu að koma tölu á þau og komst að því að þarna var hlaðinn valur meira en fimm hundruð karlmannna og drengja; í tveimur snyrtilegum stöflum.

Fréttamaðurinn byggir fréttina upp eins og vitnisburð sjónarvotts. Átökin milli fréttmannsins og manneskjunnar eru greinileg. Málsniðið sem notað er til að lýsa þessari skelfilegu sjón er hlutlægt og skýrt. Hann notar aðeins eina óhugnanlega líkingu, „staflað ... upp eins og trjádrumbum,“ en annars er textinn einfaldur og blátt áfram. Setningarnar eru að mestu stuttar og einfaldar. Röddin er ekki hlutlaus – hvernig mætti slíkt vera? – en hún lýsir því sem við blasir en ekki tilfinningum fréttamannsins. En hann staðsetur sjálfan sig á vettvangi í síðustu setningunni, með því að nota orðið „ég“ er tekinn af allur vafi um að hann hafi séð líkin með eigin augum. Orðalagið „hlaðinn valur“ er bókmenntalegt, eins og úr Shakespeare. Nákvæmur lestur á þessum stutta kafla í verki Murrows sýnir hvernig ólíkar aðferðir mynda þau áhrif sem kallast rödd.

Þegar 17. aldar heimspekingurinn Thomas Hobbes lýsir ástríðum mannskyns eru áhrifin gjörólík:

Sorg vegna ógæfu annarra er VORKUN, og er sprottin af hugsuninni um að álíka ógæfa gæti hent mann sjálfan og er af þeim sökum einnig kölluð SAMÚÐ eða eins og það er orðað nú á dögum MEÐAUMKUN. (úr *Leviathan*)

Kaflinn eftir Murrow lýsir ákveðnu atviki og vekur vorkunn og samúð. Kaflinn eftir Hobbes er almennur og skilgreinir tilfinningarnar. Ef maður skrifar eins og Murrow, hljómar maður eins og fréttamaður. Ef maður skrifar eins og Hobbes, hljómar maður eins og heimspekingur.

Bókin *Baby and Child Care* eftir Dr. Benjamin Spock, sem kom fyrst út árið 1945 var Biblía foreldra á eftirstriðsárunum. Í formálanum skrifar hann:

Það mikilvægasta sem ég hef að segja ykkur er að þið ættuð ekki að taka það sem sagt er í þessari bók of bókstaflega. Börn eru ólík, foreldrar eru ólíkir, veikindi og hegðunarvandamál eru jafn misjöfn og þau eru mörg. Það eina sem ég get gert er að lýsa algengri þróun og vandamálum. Munið að þið vitið meira um skaphöfn og hegðun barnsins ykkar en nokkurn tíma ég.

Texti Dr. Spocks er einfaldur en valdsmannslegur, röddin er vitur en hógvær. Hann ávarpar lesandann eins og í sendibréfi, notar bæði „þið“ og „ég“, og virðir reynslu og sérþekkingu foreldranna. Það er engin furða að heilar kynslóðir foreldra hafi lagt eyrun við rödd fjölskyldulæknisins til að fá góð ráð og öðlast hugarró.

Til að heyra eigin rödd er upplestur mikilvægasta aðferðin. Ef textinn er lesinn upphátt heyrir hvernig hann hljómar. Þegar við kennarar ráðleggjum höfundum þetta, horfa þeir vantrúaðir á okkur. „Þér getur ekki verið alvara,“ skín úr hverju andliti. „Þú meinar ekki að ég eigi bókstaflega að lesa textann upphátt? Þú meinar kannski að ég eigi að lesa hana í hljóði og hreyfa bara varirnar?“

Nei, ég meina upphátt, og nógu hátt svo að aðrir heyri.

Höfundur getur lesið texta upphátt fyrir sjálfan sig eða fyrir ritstjóra. Ritstjórinn getur lesið textann upphátt fyrir höfundinn eða fyrir annan ritstjóra. Með þeim hætti má heyra eða skynja röddina og stilla hana. Textann á að lesa til gagns, en aldrei til háðungar. Hann má lesa til að finna vankanta sem þarf að lagfæra. Höfundar kvarta undan laglausum ritstjórum sem lesa með augunum en ekki eyrunum. Ritstjórinn getur komið auga á óþarfa orð, en hvernig breytist takturinn í setningunni ef þeim er eytt? Þeirri spurningu er best svarað með upplestri í heyranda hljóði.

Samtöl eru hluti af atburðarásinni

Samtöl hraða frásögn; tilvitnanir teffa hana

Skáldsagnahöfundurinn Elmore Leonard ráðleggur rithöfundum „að sleppa þeim köflum sem lesendur hlaupa gjarnan yfir“ og einbeita sér að því sem þeir lesa. En hvaða kaflar eru það? Ekki þessir:

Langar málsgreinar sem maður sér að eru of orðmargar. Höfundurinn er bara að skrifa, fimbulfamba, kannski kominn aftur í veðrið, eða inn í höfuð einhverrar persónunnar, og lesandinn annað hvort veit hvað persónan er að hugsa eða er alveg sama. En maður hleypur ekki yfir samtal. (úr *New York Times*)

Leonard hlýtur að hafa mínar lestrarvenjur í huga, þau þúsundir skipta sem ég hef skimað niður gráar textablokkir í leit að hvítu flötunum sem lofta um samtölin. Orð fólks, sem samtölin birta á blaðsíðunum, laða augu lesandans að sér og ef vel tekst til, drífa söguna áfram.

Sjáið þetta brot úr skáldsögunni *The Amazing Adventures of Kavalier & Clay* eftir Michael Chabon:

Nú sneri hún sér og leit á frænda sinn. „Langar þig að teikna myndasögur?“ spurði hún.

Joe stóð álútur og hallaði sér að dyrakarminum. Meðan Sammy og Ethel rifust, hafði hann látið lítið fyrir sér fara og þóst vera að gaumgæfa sinnepsgula rýjagólfteppið, en nú leit hann upp og þá var komið að Sammy að verða skömmustulegur. Frænda hans mældi hann út með spurn og viðvörun í svipnum.

„Já, frænka,“ sagði hann. „En ég er með eina spurningu. Hvað er myndasaga?“

Sammy teygði sig í möppuna sína, náði í krumpað og þvælt eintak af *Action Comics* og rétti frænda sínum.

Samtal skerpir söguna af því að það dregur okkur inn í atburðinn og við sperrum eyrun og hlustum.

Fréttamenn gefa persónum orðið í öðrum tilgangi en skáldsagnahöfundar. Þeir vitna ekki til orða fólks til að koma atburðarásinni áfram heldur til að stöðva hana, manneskja segir eitthvað um það sem gerst hefur.²²

St. Paul Pioneer Press sagði frá dapurlegum örlögum Cynthiu Schott, þrjátíu og eins árs gamallar sjónvarpsstjörnu sem barðist við átröskun sem loks dró hana til dauða.

„Ég var á staðnum. Ég veit hvernig þetta gerðist,“ segir Kathy Bissen, vinur Cynthiu á sjónvarpsstöðinni. „Hver og einn gerði það sem hann taldi vera best. Við leitum allra mögulegra leiða til að hafa samskipti við manneskju sem við vissum að var með sjúkdóm. Samt, það breytti engu. Og maður hugsar með sér, „Hvernig gat þetta gerst?“

Höfundurinn fylgir hér ráðleggingum sem nýir fréttamenn gjarnan fá: Hafðu góða tilvitnun framarlega í fréttinni. Góð tilvitnun hefur þessa kosti:

- Raunveruleg manneskja er kynnt til sögunnar.
- Hún útskýrir eitthvað mikilvægt um viðfangsefnið.
- Hún rammar inn vandamálið eða úrlausnarefnið.
- Hún bætir við upplýsingum.
- Persónuleiki manneskjunnar sem talar skín í gegn.
- Hún kynnir það sem á eftir kemur.

En tilvitnanir eru ekki alltaf jafn góðar. Þessi tilvitnun var í forsíðufrétt í *New York Times*: „Það munar minna en tveimur prósentum ef við borðum sjaldnar úti.“ Hér er vitnað í Joyce Diffenderfer sem segir frá því hvernig fjölskyldan tekst á við vaxandi kreditkortaskuldir. En hvar er Joyce Diffenderfer þegar hún segir þetta? Í eldhúsinu? Við skrifborðið þar sem hún borgar reikningana? Í vinnunni? Öfugt við samtöl eru tilvitnanir ekki staðsettar. Orðin eru ekki sögð þegar atvikin gerast. Það sem sagt er í tilvitnunum er *um* atburðina, ekki hluti af þeim. Þess vegna trufla tilvitnanir framvindu sögunnar.

²² Hér er setningu sleppt, þar sem greint er frá þeim hugtökum í ensku sem notuð eru um tilvitnanir í ólíkum miðlum, prentmiðlum, sjónvarpi og útvarpi.

Og það leiðir okkur að áhrifum samtals. Tilvitnanir eru upplýsingar eða útskýringar en samtöl bæta einhverju við. Maður heyrir kannski tilvitnun en *hlustar* á samtalið. Rithöfundur sem notar samtöl flytur lesendur í tíma og rúmi á vettvang sögunnar.

Blaðamenn nota samtöl sjaldan svo áhrifin verða fyrir vikið miklu sterkari. Eftirfarandi kafla skrifaði Tomas French, handhafi Pulitzer-verðlaunanna, um réttarhöldin yfir slökkviliðsmanni frá Flórída sem sakaður var um hræðilegan glæp gegn nágrannakonu sinni.

Lögmaðurinn kallaði nafn hans. Hann stóð upp, lagði höndina á Biblíuna og sór að segja sannleikann og ekkert nema sannleikann. Hann settist í vitnastúkuna og leit í átt að kviðdómendum svo þeir sæju andlit hans og gætu virt það fyrir sér og myndað sér skoðun á því hvers konar maður hann væri.

„Nauðgaðir þú Karen Gregory?“ spurði lögfræðingurinn.

„Nei herra, ég gerði það ekki.“

„Myrtir þú Karen Gregory?“

„Nei herra.“ (úr *St. Petersburg Times*)

Það er ekkert sem mælir gegn því að nota samtöl í ritverkum sem ekki eru skáldverk. Það getur kostað miklar rannsóknir að komast að því hvernig samtal hafi gengið fyrir sig, oft þarf að tala við marga og raða saman bútum, en stundum er hægt að hlusta á það. Rifrildi milli borgarstjóra og einhvers í borgarstjórn getur hæglega verið til á upptöku. Þótt höfundur sé ekki viðstaddur vitnaleiðslur má sjá nákvæm orðaskipti í skjölum réttarins sem oft eru opinber gögn.

Flinkur höfundur getur notað bæði samtöl og tilvitnanir til að ná fram ólíkum áhrifum í sömu blaðgrein eins og þetta dæmi úr *Philadelphia Inquirer* sýnir:

„Það var eins og tvær flugvélar væru að fljúgast á mamma,“ sagði hinn sex ára gamli Mark Kessler í Wynnewood við Gail mömmu sína þegar hún kom rjúkandi í skólann.

Drengurinn hafði orðið vitni að því þegar flugvél og þyrta rákust saman svo hlutar af flökunum lentu á grunnskólalóðinni svo illa hefði getað farið. Fyrr í sömu grein var þessi kafli:

„Það var hræðilegt að horfa á þetta,“ sagði Helen Amadio sem var á gangi nálægt heimili sínu á Hampden Avenue þegar áreksturinn varð. „Það var eins og sprengja springi. Svartur þykkur reykjarmökkur.“

Það sem Helena Amadio segir er sannleikanum samkvæmt og hún segir það við blaðamanninn. Takið eftir muninum á tilvitnuninni og samtalinu milli mæðginanna. Sex ára gutti lýsir því sem gerðist fyrir skelfingu lostinni móður sinni. Með öðrum orðum þá er eins og við séum komin á slysstað og heyrum samtalið.

Einstaka sinnum flétta fréttamenn saman upplýsingum úr tilvitnunum og þeim áhrifum sem samtal hefur á tilfinningarnar, en aðeins þegar viðmælandinn talar strax að loknum atburðinum og aðeins þegar fréttamaðurinn beinir athygli bæði að orðum og gjörðum. Þetta gerir Rick Bragg í frétt um sprengjuárásina í Oklahoma:

„Ég tók þátt í aðgerð á litlum dreng. Heilinn hékk út úr höfðinu á honum,“ sagði Terry Jones sjúkraflutningamaður meðan hann fálmaði eftir sigarettupakka í vasa sínum. Bak við hann voru slökkviliðsmenn að gramsa í rústum byggingarinnar, enn að leita að lifandi eða dauðum.

„Hvernig er hægt að bera svona litla virðingu fyrir mannlífum?“ (úr *New York Times*)

Sleppið því sem lesendur hlaupa gjarnan yfir og skapið þannig rúm fyrir það sem þeir sækjast eftir.

Sviðsetjið atburði

Setjið þá svo í merkingarbært samhengi

Tom Wolfe heldur því fram að raunsæi, bæði í skáldverkum og öðrum ritverkum, byggist á því að „raða saman atburðum, að segja söguna með því að fara frá atburði til atburðar og nota línulaga frásögn eins lítið og hægt er.“ Samkvæmt yfirlýsingu Wolfes í *The New Journalism* þurfa blaðamenn að vera búnir sérstökum eiginleikum til að geta „raunverulega orðið vitni að atburðum í lífi annars fólks.“

Þótt Wolfe hafi skrifað þetta fyrir fjörutíu árum eru ráðleggingar hans enn í fullu gildi.

BAGHDAD, Írak – Á kaldri steypuhellunni þvoði umsjónarmaður moskunnar líkama hins 14 ára Arkan Daif í síðasta sinn.

Hann vætti bómullarstykki í vatni og strauk yfir ólífulitt lík Daifs, sem hafði verið dáinn í þrjá klukkutíma en geislaði enn af lífi. Hann þerraði rósrauð sárin eftir sprengjuflísarnar á mjúkri húð hægri handar og hægri ökkla af þeirri stillingu sem æfingin hafði ljáð honum. Síðan þvoði hann andlitið, blóði drifið eftir opið sár aftan á höfuðkúpu Daifs.

Mennirnir í Imam Ali moskunni biðu þungbúnir eftir að jarða drenginn sem var að sögn föður hans „eins og blóm.“ Haider Kathim, umsjónarmaðurinn spurði: „Hverjar eru syndir barnanna? Hvað hafa þau gert?“

Anthony Shaid fékk Pulitzer-verðlaunin fyrir þessa grein. Hann skrifaði um Íraksstríðið fyrir *Washington Post* og var á vettvangi og varð vitni að hverjum blóði drifnum atburðinum á fætur öðrum.

Það er hægt að verða vitni að atburðum, búa þá til í skáldsögum, en þeir geta líka verið minningar, eins og þessi úr barnæsku Noru Ephron:

Það er september og skólinn fer að byrja. Ég er ellefu ára og er að fara í sjöunda bekk og við Diana höfum ekki sést í allt sumar. ... Ég geng niður Walden Drive í

gallabuxunum mínum, skyrta af pabba, gömlu rauðu mokka síunum og sokkarnir kuðlast niður leggina á mér og á móti mér kemur ... ég tek andköf ... ung kona. Diana. Hárið er liðað og hún er með mitti og mjaðmir og brjóst og hún er í þröngu pilsis sem mér hefur margofter verið sagt að ég geti ekki gengið í fyrir en ég fæ mjaðmir sem halda því uppi. Ég missi andlitið og allt í einu er ég farin að gráta, gráta ofboðslega, ég næ ekki andanum. Besta vinkona mín hefur svikið mig. Hún hefur stungið mig af. Hún er gjörbreytt. (úr *Crazy Salad*)

Höfundur notar grunneiningar frásagnarlistar, skapar stund og stað sem lesandi eða áhorfandi gengur inní. Í þessum atburði felast ekki upplýsingar heldur reynsla. Við vorum þarna á gangstéttinni með Noru Ephron. Við *erum* á staðnum.

„Líkt og atómið er smæsta eining efnisins,“ skrifar skáldsagnahöfundurinn Holly Lisle á vefsíðu sinni,

þá er atburður smæsta eining skáldskapar; hann er smæsti hluti skáldskapar sem inniheldur grundvallarþætti sögu. Maður byggir ekki sögu eða bók á orðum og setningum og málsgreinum – maður byggir hana á atburðum, hleður einum ofan á annan og hver um sig breytir því sem fyrir er og þeir flytja söguna miskunnarlaust og stöðugt áfram.

Allt frá barnæsku upplifum við atburði. Við upplifum þá í bókmenntum og fréttum, í teiknimyndum, í kvikmyndum og sjónvarpi, í auglýsingum og opinberum þjónustutilkynningum, í minningum okkar og draumum. En allt þetta eru eftirlíkingar, svo notað sé gamaldags bókmenntahugtak. Þeir eru eftirlíkingar af raunverulegu lífi.

Bestu rithöfundarnir leggja mikið á sig til að gera atburði raunverulega. Í einu áhugaverðasta atriði leikbókmenntanna útskýrir Hamlet (3. þáttur, 2. atriði) fyrir farandleikurunum hvernig þeir geti gert atburð svo raunverulegan að hann vekir samvisku hjá morðingjanum, kónginum. „Hæfðu athöfn eftir orðum, og orði eftir athöfnum; og gefðu því einkum gætur, að ofbjóða ekki hófsemd náttúrunnar.“²³ Allt sem er ýkt eða ofleikið, segir melankólíski prinsinn, nær ekki tilgangi leiklistarinnar, sem er „að halda upp svosem eins og spegli fyrir mannlífinu.“²⁴ Myndlíkingin um spegilinn hefur enn þann dag í dag áhrif á

²³ Hér er notað þýðing Helga Hálfðánarsonar á *Hamlet* Shakespears: William Shakespeare, Leikrit III, Helgi Hálfðánarson þýddi, Reykjavík: Mál og menning, 1984, bls. 171.

²⁴ Sama heimild, sama stað.

metnaðarfulla höfunda, sérstaklega blaðamenn. Markmið höfundarins er að endurspegla heiminn, lýsa því sem gerist hér og nú svo lesendur sjái það, finni og skilji. En verkefni höfundarins er ekki bara að búa til atburði og setja þá saman. Atburðirnir, augnablikin innan atburðanna, verður að setja saman á merkingabæran hátt, gera úr þeim sögu, handrit, setja þá í rétta röð.

Margir halda líklega að algengasta röðin sé rétt tímaröð. En atburðum má raða upp í rúmi rétt eins og tíma, öðrum megin götunnar og síðan hinum megin. Hægt er að segja flakka milli atburða sem gerast samtímis, fara frá sjónarhorni glæpamannsins til lögreglunnar. Atburðir geta verið úr fortíð eða framtíð.

Ein áhrifamesta grein sem varð til eftir hvirfilbylinn á Flórída árið 2004 er eftir Dang-Phuong Nguyen á *St. Petersburg Times*. Hún gerist í Pensacola eftir að hvirfilbylurinn Ivan gekk yfir og segir frá átakanlegri reynslu fólks þegar það sneri aftur í hverfið sitt og sá eyðilegginguna í fyrsta sinn. Í upphafi er sjónarhornið vítt og lýsir einföldum atburði:

Þau biðu dögum saman í heitri sólinni bak við bensínbíla og lögreglumenn, og reyndu að sjá eitthvað.

Yfirvöld bönnuðu fólkinu í snúa til baka af öryggisástæðum. Nguyen heldur áfram:

Þau voru með kælitöskur og klappstóla. Þau gerðu grín að fína borðbúnaðinum sínum. Þau vöruðu hvert annað við að róta í mölinni vegna snákanna.

Þau töluðu við lögreglustjóran:

„Af hverju megum við ekki fara?“ hrópuðu þau.

Jarðýtur ryðja rústunum úr hverfinu, og nokkrir atburðir í röð sýna tilfinningalegar jafnt sem efnislegar rústir:

Íbúarnir sem höfðu skömmu áður grínast með það sem kynni að bíða þeirra gengu eftir Grand Lagoon Boulevard í þögn.

Eftir fyrstu fimm húsarústirnar brustu þau í grát.

Konur leituðu skjóls í bílum. Unglingarnir settust í sæti pallbíla og gripu fyrir munninn.

Þá er súmmað að:

Carla Godwin gekk hljóðlega niður Grande Lagoon Court meðan nágrannarnir lyftu húspökum ofan af hjólum og sópuðu upp brotnu leirtaui. „Við erum ekki einu sinni með borðstofuborð lengur,“ snökti hún. „Ég veit ekki hvar það er. Það er horfið.“

Síðan er nokkrum atburðum lýst í kjölfarið í þessari röð:

1. Kona finnur sjónvarpstæki á baðherberginu. Það er ekki tækið hennar.
2. Hún gengur niður götuna í leit að nágrönnum sínum sem kalla til hennar.
3. Önnur kona stendur í rústum húss síns og rótar í dótinu sínu.
4. „Kötturinn minn er á lífi“ hrópar maður sem kemur hlaupandi frá húsinu sínu.
5. Annar kemur brosandi úr rústum síns húss glamrandi á gítarinn sinn.
6. Örvingluð kona leitar huggunar hjá fjölskyldu sinni.
7. Kona finnur vatnssósa myndir af börnunum sínum sem hefur skolað upp á verönd nágrannans.
8. Kona svarar símtali frá nágrönnum sem spyrjast fyrir um húsið sitt.

Þetta eru augnablik úr lífinu, í fréttum dagsins, raðað saman af hæfileikaríkum ungum höfundum þannig að þau fá merkingu og hafa einstök áhrif.

Skrifið að endi

Hjálpíð lesendum að loka hringnum

Á fyrstu árum ævinnar komumst við að því að sögur hafa endi, hversu fyrirsjáanlegur sem hann kann að vera. Prinsinn og prinsessan lifa hamingjusöm til æviloka. Kúrekinn ríður inn í sólarlagið. Nornin deyr. Endir. Eða í vísindaskáldsögum: Endir? Í lífinu skilja prinsinn og prinsessan æði oft. Kúrekinn dettur af baki. Nornin étur barnið. Þetta setur rithöfunda í vanda: Raunveruleikinn er subbulegur, en lesendur vilja endi.

Árið 1999 skrifaði ég framhaldssögu í *New York Times* sem ég kallaði, *Ekki er allt búið enn*. Sagan gerist síðustu mánuðina fyrir aldamótin og segir frá gömlum rannsóknarblaðamanni sem eltir uppi leiðtoga dómsdagtrúarflokks. Ég studdist ekki við neinar útlínur, og varla nokkur drög en ég vissi að í lokakaflanum myndi góði karlinn, sem er lofthræddur og óttast eldingar, berjast við vonda karlinn á miðnætti, upp á hárru brú í fárviðri. Með örðum orðum, ég vissi ekki hverjar vörðurnar yrðu á leiðinni en ég skrifaði með endinn í huga. Það kom mér því ekkert sérstaklega á óvart að J. K. Rowling byrjaði á því að semja lokakaflann í síðustu bókinni þegar hún hóf að skrifa Harry Potter bækurnar og hefur meira að segja ljóstrað upp síðasta orðinu: „ör“.

Til að geta skrifað góðan endi verður maður að lesa góða enda, og fá bókmenntaverk hafa jafn áleitinn og tignarlegan endi og *The Great Gatsby*.

Og sem ég sat þarna og braut heilann um hinn gamla, ókunna heim, hugsaði ég um undrun Gatsbys þegar hann fyrst kom auga á græna ljósið á bryggjuenda Daisy. Hann hafði komið um langan veg að þessum bláu völlum og draumur hans hlýtur að hafa virst svo nálægur að honum gat varla mistekist að höndla hann. Hann vissi ekki að hann var þegar fyrir aftan hann, einhvers staðar fyrir aftan í ómælishringiðunni handan borgarinnar, þar sem myrkar víðáttur ríkisins stefndu viðstöðulaust út í fjarska næturinnar.

Gatsby trúði á þetta græna ljós, þá æsilegu framtíð sem ár eftir ár færir sig lengra í burtu fyrir framan okkur. Hún slapp frá okkur þetta sinnið, en það skiptir

engu máli – á morgun ætlum við að hlaupa hraðar, teygja armana lengra fram ...

Og einn góðan veðurdag –

Þannig beitum við upp í, bátar sem snúa stefni gegn straumi og eru bornir aftur á bak án afláts, inn í fortíðina.²⁵

F. Scott Fitzgerald plantar fræjum fyrir endinn snemma í sögunni, í lok fyrsta kafla, þegar sögumaðurinn Nick Carraway sér Gatsby í fyrsta sinn:

Ég ákvað að heilsa upp á hann. Ungfrú Baker hafði minnst á hann við matarborðið og það nægði til að kynna okkur. En ég kallaði ekki til hans, því hann gaf snögglega vísbendingu um að hann væri ánægður með að vera einn – hann rétti út handleggina í átt til hins dökka sjávar á sérkennilegan hátt og þótt ég stæði langt frá honum, gæti ég svarið hann skalf. Ósjálfrátt varð mér litið út á sjóinn – og greindi ekkert nema eitt grænt ljós, örlítið og langt í burtu, sem gæti hafa verið endinn á bryggju. Þegar ég gáði aftur að Gatsby var hann horfinn og ég var einn á ný í ókyrru myrkrinu.²⁶

Mikilvæg lexía felst í þessum kafla. Takið eftir orðunum: „ókyrru myrkrinu“. Höfundurinn sýnir okkur að setningar og málsgreinar hafa líka endi sem jafnframt er fyrirboði lokasenunnar, 160 síðum síðar þegar græna ljósið, bryggjan og útréttir armar ganga aftur, þrungin grunnmerkingu verksins.

Þessi aðferð gagnast fleirum en skáldsagnahöfundum. Kollega minn Chip Scanlan skrifaði Skoðun í *New York Times* þar sem hann hélt því fram að blaðamenn gætu lært af borgurunum þegar þeir þyrftu að spyrja stjórnámálamenn góðra spurninga:

Þegar Bob Schieffer fréttamaður hjá CBS leggur lokahönd á spurningarnar fyrir síðustu kappræður forsetaframbjóðendanna, ætti hann kannski að fara að fordæmi Daniel Farley. Og Randee Jacobs. Og Norma-Jean Laurent, Mathew O'Brien, James Varner, Sarah Degenhart og Linda Gabel.

²⁵ Hér er notuð þýðing Atla Magnússonar á *The Great Gatsby*: F. Scott Fitzgerald, *Hinn mikli Gatsby*, Atli Magnússon þýddi, Reykjavík: Bókafélagið Ugly, 2008, bls. 234.

²⁶ Sama heimild, bls. 34.

Í upphafsmálgreininni telur Chip upp nöfn borgara sem hafa spurt áhrifamikilla spurninga í fyrri kappræðum frambjóðendanna. Í lokamálgreininni, lokar Chip hringnum, með því að slá á sömu strengi og í upphafi:

Á morgun getur Shieffer því þjónað almenningi og kennt öðrum fréttamönnum mikilvæga lexíu um hvernig komast eigi að sannleikanum. Hann getur byggt spurningar sínar á þeim sem íbúar Missouri spurðu, en þeir vita að erfiðustu spurningarnar eru þær sem sýna hverju frambjóðendurnir vilja ekki – eða geta ekki – svarað.

Það er hægt að hefja og ljúka ritverkum á ótal vegu, en höfundar reiða sig á lítinn verkfærakassa með nokkrum aðferðum rétt eins og tónlistarmenn gera. Í tónsmíðum eru lög ýmist með vaxandi styrk allt til enda eða þau deyja út, enda snögglega, eða að fyrstu taktarnir enduróma í lokin. Í ritverkum getur höfundurinn endað verk með einhverjum eftirfarandi hætti, og er þá ekki allt upp talið:

- *Hringnum lokað*. Endirinn minnir okkur á upphafið, vísað er til ákveðins staðar eða lykilpersóna kemur aftur til sögunnar.
- *Lykkjan*. Húmoristinn Dave Barry hnýtir endinn gjarnan við eitthvað skrytið eða óvænt atriði sögunnar.
- *Tímarammi*. Höfundur byggir verkið upp með því að láta tímann stöðugt tifa áfram. Til að enda söguna, ákveður höfundur hvað eigi að gerast síðast.
- *Staðarammi*. Höfundur leggur meiri áherslu á stað og landfræði en tíma. Fréttamaður sem flytur fréttir af fávíðri flytur sig frá stað til staðar, og sýnir okkur eyðileggingu stormsins. Til að ljúka sögunni velur höfundurinn svo loka staðsetningu.
- *Verðlaun*. Því lengri sem sagan er því mikilvægari er endirinn. Það þýðir þó ekki að hann þurfi að vera „góður“, heldur veita einhverja fullnægingu, verðlauna lesandann fyrir að hafa lokið ferðalaginu, leyndarmál er afhjúpað, gáta leyst.
- *Eftirmáli*. Sögunni lýkur en lífið heldur áfram. Hversu oft hefur maður ekki leitt hugann að því þegar ljósin eru kveikt hvað verður um persónurnar í myndinni? Lesendum þykir vænt um persónur í sögum. Eftirmáli svarar forvitni þeirra.
- *Vandmál og lausn*. Nafnið á aðferðinni skýrir sig sjálft. Höfundurinn kynnir vandamálið í byrjun og býður svo upp á mögulega úrlausn eða ráðningu.

- *Rétta tilvitnunin.* Einhver fær orðið í lokin og tekur í stuttu máli saman það sem fram hefur komið eða kjarna þess. Í flestum tilvikum getur höfundurinn betrubætt það sem viðmælandinn segir. En ekki alltaf.
- *Litið til framtíðar.* Ritsmíðar segja yfirleitt frá því sem þegar hefur gerst. En hvað gerist næst? Hverjar eru líklegar afleiðingar ákvarðana eða atburða?
- *Koma lesandanum af stað.* Góður endir getur beint lesanda inn á nýjar brautir. Hann fer á fund. Les bók. Sendir þingmanni tölvupóst. Gefur blóð.

Endirinn verður betri ef haft er í huga að hlutar sögunnar þurfa líka endi. Setningar hafa endi. Málsgreinar hafa endi. Eins og í *The Great Gatsby* búa allir þessir litlu endar í haginn fyrir endi sögunnar.

Ég ætla að ljúka þessu á viðvörðun. Það ætti að forðast teygja endinn á langinn eins og konsertverk eftir Rakhmaninov eða þungarokksballöðu. Ekki kaffæra endinn. Það er ágætt að leggja höndina yfir síðustu málsgreinina og spyrja, „hvað ef textanum lyki hér?“. Færa svo höndina yfir málsgreinina á undan og spyrja sömu spurningar þangað til rétti staðurinn er fundinn.

41. skriffæri

Snúið frestun upp í æfingu

Að skipuleggja og skrifa í höfðinu.

Nánast allir rithöfundar skjóta verkefnum á frest og því er nokkuð líklegt að þú gerir það líka. Meira að segja atvinnumenn geta verið verkfælnir. Kvikmyndagagnrýnandinn skoðar tölvupóstinn sinn í tíunda skiptið. Skáldsagnahöfundurinn fer enn eina ferðina á Starbucks og fær sér fjórða latte dagsins. Virti fræðimaðurinn starir út í tómið. Það er ástæðulaust að láta sér líða illa þótt erfitt sé að hefjast handa við viðskiptaskýrslu eða heimaverkefni.

Enska sögnin *procrastinate*, að fresta, er dregin af latneska orðinu *cras*, sem þýðir „á morgun“. Aldrei skrifa í dag það sem má fresta til morguns. Þessu viðhorfi fylgir sú tilfinning

að það sé löstur en ekki dyggð að skjóta verkefnum á frest. Þegar höfundar sitja ekki við skrifir eru þeir fullir sjálfsásökunar og fórna um leið dýrmætum tíma sem mætti nota til að gera uppkast.

En hvað ef við snúum verkfælni okkur í hag? Látum hana ekki brjóta okkur niður heldur byggja okkur upp, lítum á hana sem eitthvað nauðsynlegt? Hvað ef við köllum þann tíma sem líður meðan við frestum skrifum *æfingu*?

Yndislegur ritlistarkennari, Donald Graves, veitti því athygli að jafnvel lítil börn taka tíma í andlegan undirbúning. Hann komst að því að bestu ungu höfundarnir æfðu það sem þeir vildu segja. Og af hverju ekki? Unglingar æfa sig áður en þeir biðja um leyfi til að vera lengur úti eða fá meiri vasapening eða meiri tíma til að ljúka við heimaverkefni. Allir æfa sig, líka rithöfundar. Vandamálið felst í því að við köllum það *verkfælni* eða *ritstíflu*.

Afkastamiklir rithöfundar skrifa einfaldlega sögur í höfðinu á sér. Blind ljóðskáld og skáldsagnahöfundar eins og Milton og Joyce sömdu heilu kaflana á löngum nóttum, sem þeir lásu svo aðstoðarmönnum sínum fyrir að morgni. Blaðamaður er ekkert frábrugðinn skáldi að þessu leyti.

Settu þig í spor fréttakonu sem er að fara að skrifa stórfrétt, til dæmis um eldsvoða á byggingarsvæði. Hún hefur eytt hálfum deginum á vettvangi og skrifað hjá sér ýmis smáatriði. Það tekur hana tuttugu mínútur að keyra aftur á fréttastofuna. Þá er klukkutími þar hún á að skila fréttinni. Adrenalínið streymir um æðarnar. Hún getur ekki skotið verkefninu á frest. Fréttina verður að skrifa í dag, ekki á morgun.

Tuttugu mínútur í bílnum eru dýmætar. Kannski slekkur hún á útvarpinu og byrjar að skrifa söguna í huganum. Sumir fréttamenn geta samið og lagt nokkrar málsgreinar á minnið. En þó er líklegra að hún hugsi um þrjá meginþætti fréttarinnar eða nokkrar lykilsetningar, um hvað hún ætlar að leggja áherslu á, kannski uppkast að fyrstu setningunni: „Í útjaðri Ybor City varð lítill neisti að eldtungum sem teygðu sig milli húsaraða og urðu á endanum að þeim vítislogum sem grönduðu þremur húsaröðum áður en yfir lauk.“

Skiladagar koma höfundi að verki, eins og nemendur í öllum greinum þekkja allt of vel. Ritgerðir eru dæmi um skylduskrif. Jafnvel þótt nemendur fái tvær vikur til að skrifa, byrjar hinn dæmigerði nemandi ekki að skrifa fyrr en kvöldið fyrir síðasta skiladag (þar á meðal ég!). Skynsamur kennari hvetur nemendur til að lesa og rannsaka í millitíðinni, undirbúa sig og æfa sig. Skynsamur nemandi byrjar að „skrifa“ daginn sem verkefnið er sett fyrir.

Óskynsamir nemendur hefjast ekki handa fyrr en hinn ógnvekjandi skiladagur er orðin óbærilega nálægur. Annar möguleiki er að líta á þann tíma sem líður meðan ekkert er skrifað sem nokkurs konar æfingu. Það er ákveðinn zen-eiginleiki í slíkri hugmynd: Höfundur þarf

ekki að skrifa til þess að skrifa. Til að skrifa hratt, verður að skrifa hægt. Til að skrifa með höndunum, verður að skrifa með höfðinu.

Það skiptir máli hvað rithöfundurinn gerir meðan hann frestar skrifunum. Einn lætur sig dreyma, annar borðar, einhver fer í göngutúr, annar hlustar á tónlist, annar þambar hvert glasið á fætur öðru og verður mál, enn annar skoðar tölvupóstinn eða sms skilaboðin, annar þarf að taka til á skrifborðinu sínu, annar talar, talar og talar. Hvað sem hann gerir þá getur það verið hluti af skipulagningu og undirbúningi. Rithöfundurinn getur svarað efasemdum foreldris, kennara eða ritstjóra: „Ég er ekki að fresta neinu, ég er að æfa mig.“

Ritstífla er erfiðari viðfangs, en í henni er einnig að finna skapandi afl: miklar kröfur. Vert er að gefa orðum ljóðskáldsins Williams Staffords gaum:

Ég held að hin svo kallaða „ritstífla“ sé tilkomin af einhverskonar ósamræmi milli metnaðar og getu. ... Maður ætti að minnka kröfurnar svo þær haldi ekki aftur af manni. Það er auðvelt að skrifa. Maður má bara ekki gera það miklar kröfur að þær komi í veg fyrir að maður geri það. (úr *Writing the Australian Crawl*)

Engar kröfur. Þvílíkt frelsi fyrir höfund! Vísdominn í ráðleggingum skáldsins má sjá í hundruðum og þúsundum texta sem skrifaðir eru á degi hverjum í formi tölvuskeyta og færslna á netinu. Litlar kröfur sannfæra kynslóð netpenna um að þeir séu gildir félagar í rithöfundaklúbbnum. Það má með sanni halda því fram að flestir blogggarar geri of litlar kröfur til sjálfra sín, að þessir stafrænu frumkvöðlar yrðu læsilegri og marktækari ef þeir gerðu meiri kröfur – en bara í lok ferlisins.

Auk þess að líta á það að fresta skrifum sem æfingu og þess að gera ekki of miklar kröfur, er gott að hafa eftirfarandi í huga til að takast á við verkfælni:

- *Að treysta höndunum.* Það má gleyma heilanum í smá stund og gefa fingrunum lausan tauminn. Ég hafði einungis óljósa hugmynd um hvað ég ætlaði að skrifa í þessum kafla þangað til hendurnar á mér skrifuðu hroðvirknislegt uppkast.
- *Að koma sér upp daglegri rútínu.* Vanir höfundar skrifa á morgnana. Þeir sem skrifa (eða hlaupa) í eftirmiðdaginn eða á kvöldin hafa allan daginn til að finna upp á afsökunum fyrir því að skrifa ekki (eða hlaupa). Lykillinn er að skrifa frekar en að bíða.

- *Að verðlauna sig.* Öll rútinu vinna (eða ekki-vinna) getur verið þreytandi, því er ágætt að nota tímann þegar maður vill fresta skrifum til að verðlauna sig: fá sér kaffibolla, stuttan göngutúr eða hlusta á uppáhalds lagið sitt.
- *Að gera uppkast snemma í ferlinu.* Margir rithöfundar nota tíma sem er aflögu í rannsóknir. Ítarlegar rannsóknir eru lykill að farsælum höfundarferli, en ef of miklu þúðri er eytt í rannsóknir virðast skrifin sjálf erfiðari. Ef maður byrjar fyrr að skrifa kemst maður að því hvaða upplýsingar eru nauðsynlegar.
- *Allt telst með.* Suma daga skrifar maður margar ónothæfar setningar. Aðra daga nokkrar góðar. Ónothæfu setningarnar eru ef til vill nauðsynlegar til að ryðja veginn að þeim góðu.
- *Að umrita.* Til að texti verði góður þarf að fara aftur og aftur yfir hann. En þeim sem skrifa hratt gefst tími og tækifæri til að breyta uppkastinu í eitthvað sérstakt.
- *Að gæta orða sinna.* Best er að losa orðaforðann (og hugsanirnar) við neikvæð orð eins og *frestun* og *ritstíflu* og *tafir* og „þetta er glatað“. Sérvisku má breyta í eitthvað nytsamlegt, svo sem æfingu eða undirbúning eða skipulagningu.
- *Hreint bord.* Þegar verkefnin hlaðast upp á borðinu mínu finnst mér erfitt að halda mig við rútinuna. Þá tek ég einn dag til að henda rusli, svara skilaboðum og undirbúa altarið fyrir vinnu morgundagsins.
- *Að finna sér rabbína.* Við þurfum öll einhverja hjálparhelli sem þykir vænt um okkur skilyrðislaust, einhvern sem hrósar okkur fyrir afköstin og fyrirhöfnina en ekki gott fullbúið verk. Of mikil gagnrýni dregur úr höfundi.
- *Að halda dagbók.* Hugmyndir að sögum, lykilsetningar eða óvæntar hugmyndir vilja gleymast. Góður félagi, eins og lítil skrifblokk, fartölva eða dagbók hjálpa manni að varðveita hugmyndir og efni í ný skrif.

Brjótið löng verkefni niður í smærri einingar

Raðið svo bítunum saman í heilt verk

Titill bókarinnar *Bird by Bird*, [Fugl fyrir fugl] eftir Anne Lamott er fenginn úr frásögn höfundar af bróður sínum. Þegar hann var tíu ára barðist hann við að koma saman heimaverkefni um fugla. Lamott segir hann hafa verið „eins og lamaðan yfir stærð verkefnisins,“ en síðan „settist faðir minn við hliðina á honum, lagði handlegginn yfir axlir hans og sagði, „Fugl fyrir fugl, vinur. Skrifaðu bara um fugl fyrir fugl.““

Við þurfum öll á samskonar leiðbeiningum að halda til að minna okkur á að brjóta löng verkefni niður í smærri einingar, langar sögur í kafla, langa kafla í þætti. Slíkar ráðleggingar eru bæði hvetjandi og nytsamlegar.

Þar sem rithöfundar koma saman, spyr ég oft þessarar spurningar: „Hve mörg ykkar hafa hlaupið maraþon?“ Í hundrað manna hópi rétta einn eða tveir upp höndina. „Ef þið fengjuð almennilega þjálfun og hvatningu, hversu margir halda að þeir gætu þá hlaupið 42 kílómetra?“ Fimm, sex hendur á loft. „En ef þið fengjuð 42 daga til að klára hlaupið, þið þyrftuð þá bara að hlaupa einn kílómetra á dag?“ Allflestar hendur á loft.

Fæstir doktorsnemar fá doktorsgráðu þrátt fyrir að hafa lokið öllum námskeiðum, staðist öll próf og lokið rannsóknarvinnu. Hvers vegna? Vegna þess að þá skortir agann sem þarf til að skrifa sjálfa ritgerðina. Ef þeir sætu á hverjum morgni í klukkutíma og skrifuðu eina síðu – 250 – orð, lykju þeir ritgerðinni á innan við ári.

Þegar börnin mín voru lítil, bauðst ég til að kenna ritlist í skólanum þeirra. Eftir hverja kennslustund, skrifaði ég nokkra punkta í litla minnisbók, eyddi aldrei meira en tíu mínútum í það verkefni. Hvað hafði ég lært þann daginn? Hvernig brugðust börnin við? Af hverju góndi gáfaði nemandinn út í loftið? Eftir þrjú ár hélt ég að ég væri með efni í bók um það hvernig kenna megi börnum ritlist. Ég hafði aldrei skrifað bók og vissi ekki hvernig ég ætti að byrja, svo ég afritaði það sem var í minnisbókinni. Afraksturinn var 250 síður af vélrituðum texta, ekki fullbúin bók, en traustur grunnur í það sem síðar varð *Free to Write: A Journalist Teaches Young Writers*.

Litlir dropar urðu að dálitlum pollum sem urðu að læk sem varð að djúpri tjörn.

Þessum ritvenjum fylgir yfirþyrmandi kraftur, rétt eins og því þegar Harry Potter er sagt í fyrsta sinn að hann sé frægur galdramaður. Þetta er skriffæri 45 – í því sem einu sinni var sería á netinu – og skriffærin eru alls 50. Ef ég hefði sagt við ritstjóran minn, „Heyrðu, mig langar að skrifa bók um skriffæri,“ hefði ég aldrei komið því í verk. Í upphafi getur virst ómögulegt að ná utan um það verkefni að skrifa bók, það er eins og að ætla að faðma ísbjörn. Þess vegna leit ég svo á að ég væri að skrifa 50 stutt ritverk og skilaði einu til tveimur á viku.

Sama aðferð hefur ef til vill verið notuð við bókina sem liggur á náttborðinu mínu, *The Lord is My Shepherd* eftir Harold Kushner, frábæran rithöfund og kennara. Inngangurinn hefst á þessum orðum:

Ég hef verið að velta hugmyndunum í þessari bók fyrir mér í meira en fjörutíu ár, eða síðan ég var vígður rabbíni. Í hvert sinn sem ég les 23. Davíðssálm í jarðarför eða minningarathöfn eða við rúmstokk sjúks safnaðarmeðlims, snertir mig alltaf jafn djúpt hversu mikla huggun hann veitir hinum sorgmæddu og róar þá sem eru hræddir. Það sem raunverulega knúði þessa bók áfram voru hinir skelfilegu atburðir 11. september árið 2001. Dagana eftir árásina spurði jafnt fólkið á götunum sem sjónvarpsfréttamenn mig þessara spurninga: „Hvar var Guð? Hvernig gat Guð látið þetta gerast?“ Ég svaraði: „Guð lofaði því aldrei að lífið yrði sanngjarnt. Loforð Guðs var að þegar við þyrftum á huggun að halda vegna óréttlæti lífsins, stæðum við ekki ein því að hann væri hjá okkur.“ Og ég vissi að svarið hefði ég fundið í 23. Davíðssálmi.

Rithöfundar vilja hafa eitthvað í brennidepli í sögum sínum, og því lík hugmynd að láta bæn sem er einungis fjórtán línur vera í brennidepli í heilli bók, bæn sem hefur mikla merkingu fyrir kristna gyðinga. Ímyndið ykkur að skrifa bók um Faðirvorið eða Ave Mariu eða eina sonnettu eftir Shakespeare. En hvernig á að haga ritun og lestri slíkrar bókar? Kushner er með svarið: Hver kafli er helgaður einni línu í sálminum. Einn kafli heitir „Drottinn er minn hirðir“ og annar „Jafnvel þótt ég fari um dimman dal“ og sá næsti „Bikar minn er barmafullur.“ 175 blaðsíðna metsölubók er skipt niður í kynningu og fjórtán stutta kafla, handhægar einingar fyrir höfundinn og lesandann.

Fugl fyrir fugl, skriffæri fyrir skriffæri, línu fyrir línu.

Komið ykkur upp stuðningsliði

Kallið saman heilan her hjálparhellna sem segja sitt álit

Nú þegar við höfum gert að engu goðsögnina um að ritstörf séu einmanalegt starf, getum við losað okkur við allar hugmyndir um að leigja hæð með útsýni yfir sjóinn, að einu vinirnir séu ritvélin, ginflaska og köttur að nafni Hemingway.

Í raunveruleikanum eru ritstörf líkari línudansi, félagsleg athöfn sem margir taka þátt í. Eins og komið hefur fram velur maður ekki alla félagana sjálfur; kennarann í ritlistinni, þátttakendurnar í ritsmiðjunni, vefstjórnann eða ritstjórnann. En aðrar hjálparhellur getur maður og ætti maður að velja sjálfur.

Það er mikilvægt að vefa sér gott stuðningsnet. Ef það takmarkast við einn kennara eða einn ritstjóra fær maður ekki þá hjálp sem maður þarfnast. Maður þarf að koma sér upp hópi sem samanstendur af vinum, samstarfsfólki, ritstjórum og leiðbeinendum sem gefa manni álit – og kannski stöku sinnum endurgjöf.

Stuðningshópurinn minn breytist þegar ég breytist. Ég er hvorki sami höfundur né sama manneskja og ég var fyrir tuttugu árum, þannig að ég endurnýja liðið sem ég hef valið til að hjálpa mér. Þetta er mjög mikilvægt, sérstaklega þegar fyrstu skrefin eru tekin á ritvellingum. Það er hægt að telja sér trú um að það sé nóg að fá bara eitthvað álit. En maður á ekki að gera sér að góðu það sem aðrir úthluta manni. Hvað sem það er, þá er það ekki nóg. Vefið ykkur það stuðningsnet sem þið þarfnist og eigið skilið.

Þetta fólk er mér nauðsynlegt:

- *Sá sem heldur mér að verki.* Í mörg ár var samkennari minn Chip Scanlan í þessu hlutverki, sérstaklega þegar ég vann að löngum verkum. Chip hefur fágætan hæfileika sem samstarfsmaður: Hann getur haldið aftur af neikvæðri gagnrýni. Hann segir við mig aftur og aftur, „Haltu áfram. Haltu áfram að skrifa. Við tölum um þetta seinna.“
- *Sá sem skilur sérviskuna í mér.* Allir rithöfundar hafa einhverja sérvisku. Flærnar fylgja hundinum. Mér finnst nánast óbærilegt að lesa það sem ég skrifa í blöðunum. Ég óttast að koma auga á einhverja hræðilega villu. Karen konan mín skilur þetta.

Meðan ég fel mig undir teppi með hundinum mínum Rex, situr hún við morgunverðarborðið, borðar morgunmatinn og les það sem ég skrifaði í blaðinu og fullvissar sig um að engin ófyrirsjáanlegur hryllingur hafi sloppið í gegn. „Allt í lagi,“ segir hún mér til mikils léttis.

- *Sá sem gjarnan svarar spurningum mínum.* Leiðbeinandinn Donald Murray hefur lesið uppköstin mín með gleði í mörg ár og hann byrjar alltaf á því að spyrja til hvers ég ætlist af honum. Hann spyr, „hvernig viltu að ég lesi þetta?“ eða, „eftir hvers konar lestri ertu að falast?“. Ég segi kannski, „er þetta of kaþólskt?“ eða, „er þetta nógu raunsætt til að hægt sé að birta þetta sem endurminningu?“ eða, „segðu mér bara hvort þetta sé áhugavert“. Murray er óspar á álit en það hjálpar báðum þegar hann les með eitthvað ákveðið í huga.
- *Sérfræðingur sem hefur vit á efninu.* Viðfangsefni mitt hverju sinni ræður því til hverra ég leita. Þegar ég skrifaði um helförina og sögu gyðingahaturs, reiddi ég mig á þekkingu og reynslu Haim Horowitz rabbína. Þegar ég skrifaði um AIDS, leitaði ég til blóðmeinafræðings, dr. Jeffrey Paonessa. Maður tekur ef til vill viðtal við sérfræðinga, en því dýpra sem maður kafar í viðfangsefni því líklegra er að þeir hjálpi manni að meta efnið og verði trúnaðarvinir manns.
- *Sá sem sér til þess að ég fái vinnufrið.* Þegar ég brenn í skinninu að vinna að verkefni, vakna ég snemma og fer á skrifstofuna fyrir dagrenningu og reyni að skrifa í tvo tíma áður en aðrar skyldur kalla. Joyce Barret aðstoðaði mig við þetta í tuttugu ár. Mér eru sérstaklega minnisstæðir morgnarnir þegar hún mætti til vinnu, sá að ég var að skrifa, lokaði dyrunum að skrifstofunni minni og hengdi „ekki trufla“ miða á hurðarhúninn. Það er góður varnarleikur.
- *Sá sem getur bent mér á hvað er gott og hvað þarf að vinna betur.* Ellen Sung starfsnemi ritstýrði í rúmt ár dálki sem ég skrifaði fyrir vefsíðuna Poynter. Við hefðum ekki getað verið ólíkari. Ég var miðaldra hvítur karl og minn vettvangur var prentað efni. Ellen var 24 ára kínversk-amerísk og hennar vettvangur var netið. Hún var vel lesin, forvitin, með þroskaða ritstjórnarhæfileika. Hún gat metið gæði pistilsins, spurt góðra spurninga sem leiddu til endurskoðunar og skarpari framsetningar, og sett neikvæða gagnrýni fram með sannfærandi hætti og af nærgætni. Ellen er núna fréttamaður á dagblaði en er enn hluti af stuðningsliði mínu, alltaf tilbúin að aðstoða mig með litlum fyrirvara.

Það er hægt að velja hjálparhellur sínar smám saman, eina og eina, en með tímanum mynda þær stuðningsnet í kringum mann. Það má senda þeim fjöldapóst á netinu eða velja úr hópnum þegar vandamál koma upp. Athugasemdir einnar má bera undir þekkingu annarrar. Það má reka einhvern ef hann gerist of stjórnsamur. Senda öðrum blóm eða vínflösku. Það er gott fyrir höfund annað slagið að vera kóngur eða drottning.

48. skriffæri

Beislið sjálfsgagnrýnina í fyrstu uppköstum

Sleppið henni lausri á síðari stigum

Þegar ég lít yfir safnið sem ég á af bókum um ritlist sé ég að þeim má skipta í tvo flokka. Í öðrum eru bækur eins og *The Element of Style* og *On Writing Well*. Í þessum klassísku verkum eftir Strunk og White og William Zinsser er fjallað um ritstörf líkt og þau séu handverk og áhersla lögð á tækni og að gera uppköst. Í hinum flokknum eru verk eins og *Bird by Bird* og *Wild Mind*. Í þessum verkum eftir Anne Lamott og Natalie Goldberg er lítið fengist við tækni, heldur frekar hvernig lifa megí í heimi orðanna og koma auga á sögur í umhverfinu.

Viðhorfin í bókunum í seinni flokknum má rekja allt aftur til fjórða áratugarins þegar Dorothea Brande skrifaði *Becoming a Writer* (1934) og Brenda Ueland skrifaði *If You Want to Write* (1938). Það er mikil blessun að báðar bækurnar séu enn til á prenti og bjóði nýjar kynslóðir velkomnar í samfélag rithöfunda.

Brande skýrir frá löngun sinn í kaffi, að hún kjósi blýanta með millimjúku blýi, hljóðlausa ferðaritvél. Hún gefur rithöfundum góð ráð um lesefni og hvenær sé best að skrifa. Hún leggur áherslu á hugleiðslu, eftirlíkingar, æfingu og endursköpun. En mögnuðustu ráðleggingar hennar snúa að sjálfsgagnrýni. Til að geta skrifað áreynslulaust, segir hún, er nauðsynlegt að þagga niður í sjálfsgagnrýni í upphafi ferlisins. Gagnrýnin kemur aðeins að gagni þegar nægilega mikið efni er komið á blað til að hægt sé að meta það og endurskoða. Hún er undir áhrifum frá Freud því hún segir að þegar sköpunarferlið hefjist ætti höfundur að skrifa frjálst og leyfa „undirmeðvitundinni að ráða ferðinni“:

Þar til farið er að endurskoða er best að standast freistinguna að lesa skrifin. Meðan maður er að æfa sig og efla hæfileikana og venja sig á að setjast við skriftir hvenær og hvar sem færi gefst, því sjaldnar sem maður skoðar efnið með gagnrýnum augum því betra – ekki einu sinni að líta rétt sem snöggvast yfir það. Snilldin eða ófrumleikinn skiptir ekki máli. En núna, þegar efnið er skoðað á yfirvegaðan hátt, getur orðaflaumurinn reynst mjög gagnlegur.

Fjórum áratugum síðar fjallaði annar rithöfundur, Gail Godwin, um sama efni í ritgerð sem bar heitið, „The Watcher at the Gate“ [Vörðurinn við hliðið]. Godwin segir að vörðurinn sé sá sem „hefur hemil á gagnrýnandanum sem býr innra með [henni]“ og að hann taki á sig margvíslegar myndir og loki dyrunum að sköpuninni.

Það er ótrúlegt hvað vörðurinn gengur langt til að hindra að ímyndunaraflið fái að streyma fram. Verðir eru alræmdir fyrir að þurfa stöðugt að ydda, skipta um ritvélarborða, vökva blómin, dytta að heimilinu, þeir þola ekki drasl eða blaðabunka á borði. Þeir þefa sífellt eitthvað uppi. Þeir þroska með sér sjálfmiðaða sérvisku sem þeir halda að fari „rithöfundum“ vel. Og þeir myndu frekar deyja (og taka innblásturinn með sér í gröfina) heldur en að hætta á að gera sjálfa sig að fíflum.

Godwin notar líkt og Brande, myndmál frá Freud, sem vitnaði í Friedrich von Schiller: „Þegar sköpunargáfan er að störfum ... hafa vitsmunirnir vísað verðinum við hliðið á brott og hugmyndirnar streyma fram ... og þá getur hún virt fyrir sér og kannað fjölbreytileikann.“ Og Schiller skammar vin sinn: „Þú ert of fljótur að hafna og dæmir of hart.“

Brenda Ueland heyr baráttu við innri og ytri gagnrýni með ástríðu valkyrjunnar og ákafa súffragettunnar að vopni. Hún nefnir einn kafla, „Af hverju konur sem hlaðnar eru heimilisverkum ættu að vanrækja þau til að skrifa.“ Í öðrum kafla segir hún, „Allir hafa hæfileika, eru frumlegir og hafa eitthvað mikilvægt að segja.“

Hún segir að „allir sem reyna að skrifa ... verða kvíðnir, hræddir, haldi aftur af sér, fái fullkonnunaráráttu, svo skelfilega hræddir um að setja eitthvað á blað sem stenst ekki samanburð við Shakespeare.“ Þarna galar gagnrýnandinn sem aldrei lítur undan.

Það er ekkert skrytið að þú skrifir ekkert, frestir því mánuðum og áratugum saman. Af því að þegar þú skrifar eitthvað sem varið er í verður þú að vera frjáls, – frjáls og ekki kvíðin. Vinir þínir eru einu góðu kennararnir, þeim þykir vænt um þig, þeim finnst þú áhugaverð, eða mjög mikilvæg, eða yndislega fyndin; þeir segja:

„Segðu mér meira. Segðu mér allt sem þú veist. Mig langar að vita meira um allt sem þér finnst og veist og allar breytingar innra með þér og í kringum þig. Slepptu því lausu.“

Og ef þú átt ekki þess háttar vin – en vilt skrifa – þá verður þú að ímynda þér hann.

Godwin lítur svo á að vopnin gegn verðinum séu meðal annars fyrirbæri eins og skiladagur, að skrifa hratt, skrifa á óvenjulegum tímum, skrifa þegar maður er þreyttur, skrifa á ómerkilegan pappír, beita einhverju því formi sem enginn á von á að skili nokkru góðu.

Fram að þessu hef ég aðeins lagt áherslu á eina breytu í jöfnunni: gildi þess að þagga niður í gagnrýnandanum sem býr innra með þér snemma í ferlinu. Þá er sanngjarnt að spyrja: „En ef Röddin talar þegar efnið er endurskoðað, eftir hverju á þá að hlusta?“ Þá verður Röddin gagnlegri gagnrýnandi, segi ég ósvífinn, eftir að hafa kynnt skriffærin. Með skriffærin í huga gæti Röddin spurt, „Er þetta atviksorð nauðsynlegt?“ eða, „Er þetta rétti staðurinn fyrir gullpening?“ eða, „Er ekki kominn tími til að afstæðisþokunni létti og setja fram gott dæmi?“.

Mikilvægasta lexían er þessi: Sjálfsgagnrýni er eyðileggjandi afl ef henni er beitt of snemma í ritunarferlinu og ef maður trúir því sem hún hefur fram að færa. Dorothea Brande, Brenda Ueland og Gail Godwin hafa rétt fyrir sér. Það er endalaust hægt að gagnrýna og yfrið næg gagnrýni að takast á við. Byrjaðu á því að verðlauna þig. Fáðu þér kaffibolla.

Lærið af gagnrýndum

Umberð jafnvel ósanngjarna gagnrýni

Ég hef ekki hætt mér í erfiðustu lexíuna fyrr en nú þegar næstum er komið að lokum. Ég þekki engan sem hefur gaman af neikvæðri gagnrýni, sérstaklega ekki á skapandi verk. En slík gagnrýni getur verið ómetanleg ef maður kann með hana að fara. Með réttu hugarfari getur andstyggileg, smásmuguleg, óheiðarleg, hlutdræg og jafnvel svívirðileg gagnrýni reynst gullsgildi.

Sú gullgerðarlist krefst einnar töfraaðferðar: Opinn höfundur breytir deilum í samræður. Í deilum hlustar annar aðilinn í þeim eina tilgangi að finna mótrök. Í samræðum er gefið og þegið. Í rökræðum sigrar annar aðilinn, hinn tapar. Samræðum getur lokið með því að báðir aðilar verða einhvers vísari og – geta farið að hlakka til fleiri slíkra.

Fyrir margt löngu tók ég ákvörðun sem virðist ómögulegt að standa við: Ég ver verk mín aldrei fyrir gagnrýni.

Verðu ekki verkin þín? Það er svona álíka skynsamlegt eins og að blása ekki á logandi eldspýtu þegar loginn nær fingrunum sem á halda. Það er náttúrulegt viðbragð að verja eigin verk, eins og að berjast eða flýja.

Leyfið mér að koma með ímyndað dæmi. Segjum sem svo að ég hafi skrifað fyrisögn á frétt af borgarstjórnarfundi: „Má lögreglan í Seattle gægjast á þá sem gægjast á klám á gægjusýningu?“ Segjum sem svo að ég fái eftirfarandi gagnrýni frá ritstjóra eða kennara: „Roy, þú notar orðið gægjast of oft fyrir minn smekk. Þú ert búinn að breyta alvarlegri frétt í lítinn og sætan orðaleik. Maður á bara von á að Gæi Garðars mæti á svæðið. Hahaha.“

Svona gagnrýni er líkleg til að reita mig til reiði eða koma mér í vörn en ég hef sannfærst um að rifrildi eru tilgangslaus. Ég er hrifin af öllum gægjunum. Gagnrýnandi minn þolir þau ekki. Hann vill hafa fyrisögnina eitthvað á þessa leið: „Borgarstjórnin deilir um hvort lögreglan í Seattle eigi að fá leyfi til að beita flugumönnum til að komast að því hvort lögum og reglum borgarinnar sé fylgt í erótískum viðskiptum.“ Gagnrýnandinn þjáist af alltumlykjandi alvörugefni. Honum finnst ég þjást af óforbetranlegri léttúð.

Einhver elsti vísdómur um listir er einhvern veginn svona, fyrirgefið latínuna: „De gustibus non est disputandum.“ Það verður ekki deild um smekk. Mér finnst *Moby Dick* vera

of löng. Þér finnst abstrakt list vera of abstrakt. Chili rétturinn er of sterkur fyrir minn smekk. Þú teygir þig í Tabasco sósunu.

Hlýtur maður ekki að rjúka upp? Ef maður berst ekki fyrir sínu eigin verki, lætur maður þá ekki í minni pokann fyrir fólki sem hefur önnur gildi en maður sjálfur?

Nei, maður þarf ekki að rjúka upp: Maður á aldrei að verja verkin sín; útskýra frekar hverju maður vill ná fram. Og: „Ég veit að þér líkar ekki allar gægjurnar í fyrirsögninni. Ég var bara að reyna að auðvelda lesendum að skilja um hvað málið snýst. Ég vildi ekki að aðgerðir lögreglunnar týndust í skriffinnskulegum orðavaðli.“ Slíkt svar er líklegra til að snúa deilum (sem rithöfundurinn tapar) í samræður (í hverjum gagnrýnandinn gæti orðið bandamaður en ekki andstæðingur).

Anthea Penrose gagnrýndi hve stuttir kaflarnir voru í framhaldssögunni „Þrjú lítil orð“ sem ég skrifaði. Hún sagði eitthvað á þessa leið: „Þetta var ekki nóg fyrir mig. Þegar ég var að komast inn í frásögnina hættir þú. Ég vildi meira.“

Hvernig gat ég fengið hana á aðra skoðun? Og því ætti ég að gera það? Ef kaflarnir eru of stuttir fyrir hana eru þeir það. Ég svaraði: „Þú ert ekki sú fyrsta sem bregst þannig við. Sumum lesendum líkar þeir ekki. Með stuttum köflum vonaðist ég til að ná til tímabundinna lesenda sem segjast aldrei lesa langa og mikla texta. Ég hef fengið nokkur skilaboð frá lesendum sem segjast kunna að meta virðinguna sem ég ber fyrir tíma þeirra, að þetta sé eina serían í dagblaði sem þeir hafi nokkru sinni lesið.“

Önnur gagnrýni: „Ég þoldi ekki hvernig kaflinn, þegar Jane fór í HIV-prófið, endaði. Þú sagðir ekki hver niðurstaðan var. Mig langaði að vita það *strax*. En ég þurfti að bíða þangað til næsta dag. Mér fannst ég svikin.“

Mitt svar: „Veistu, Jane fór í mörg HIV-próf og í þá tíð þurfti hún að bíða í allt að tvær vikur eftir niðurstöðunni. Ég gerði mér grein fyrir hversu óbærileg sú bið hefur verið, því hér var um líf og dauða að tefla. Svo mér fannst að ef lesandinn þyrfti að bíða í eina nótt eftir niðurstöðunni, myndi hann öðlast betri skilning á aðstæðum hennar.“

Það sljákkaði alltaf í gagnrýnandanum við svona svar og það brúaði bilið á milli okkar. Þá gátum við farið að tala saman, spurt spurninga og báðir aðilar orðið einhvers vísari.

Í stuttu máli:

- Fallið ekki í þá gildru að fara að rífast um smekk.
- Verjið ekki eigin verk fyrir neikvæðri gagnrýni.
- Útskýrið fyrir gagnrýnandanum hvað var verið að reyna að gera.

- Breytið rifrildi í samtal.

Fyrir ekki svo löngu síðan var ég staddur í bókabúð þar sem ég fyrir tilviljun gekk inn í ritsmiðju. Um það bil tólf fullorðnir höfundar sátu í hring og hlustuðu á ungan mann lesa kafla úr nýlegu verki sínu. Þegar hann lauk lestrinum rifu hinir meðlimirnir verkið í sig. Þeir sökuðu höfundinn um að fara rangt með orð, um að lýsa of ýtarlega eða ekki nógu vel. Ég stóðst löngunina til að stökkva inn í hringinn og skammast yfir þessari smásmugulegu neikvæðni. Það sem hélt aftur af mér voru viðbrögð höfundarins. Hann horfði í augu hvers gagnrýnandans á fætur öðrum, kinkaði skilningsríkur kalli, skrifaði niður athugasemdirnar og þakkaði fyrir þær. Hann var þakklátur fyrir öll viðbrögð sem hjálpuðu honum að skerpa textann, líka þau sem voru á mörkunum að vera ónærgætin.

Það má læra af þessum einlæga unga rithöfundi. Jafnvel þótt árásin sé persónuleg beinir maður henni að verkinu: „Hvað í sögunni veldur svona mikilli reiði?“ Ef þú lærir að nota gagnrýni á jákvæðan hátt, heldurðu áfram að vaxa sem höfundur.

8. Skriffærin í notkun

Nú verða nokkur skriffæri sem eru þýdd í ritgerðinni notuð til að rýna í íslensk textadæmi. Dæmin eru öll tekin úr pistlum sem nemendur skrifuðu í námskeiðinu Pistlaskrif. Sautján nemendur voru í námskeiðinu auk tveggja ritstjóra, hver nemandi skilaði tíu pistlum og því er úr nægu efni að móða. Ég mun hér taka fyrir skriffæri 11, 16, 21, 23, 35 og 39. Skriffæri 10 og 26 eiga ekki við og skriffærin í síðasta hluta bókarinnar, Gagnlegum venjum, fjalla ekki beinlínis um skrif heldur ýmislegt sem gott er að hafa í huga varðandi vinnubrögð og hugarfar.

8.1 Örfá orð um sagnorð

Þeir þrettán kaflar sem ég þýði ættu að gefa þokkalega mynd af efni bókarinnar. Í þessu yfirliti hefði vissulega verið gagnlegt að hafa fleiri kafla úr fyrsta hlutanum, Boltum og skrúfum. Þar má sérstaklega nefna kafla 3, 5 og 6 en þeir eru því miður illþýðanlegir. Í þeim fjallar höfundur um sagnorð og atviksorð en umfjöllun um málfræðileg atriði eins og orðflokka er erfitt að þýða milli tungumála. Ef sambærileg bók væri skrifuð á íslensku væri kafla eða kaflar um notkun sagnorða nauðsynlegir. Lesendur þyrftu ekki að hafa flókin málfræðileg hugtök á valdi sínu til að hafa gagn af slíkri umfjöllun. Notkun sagnorða í nafnhætti virðist vera að aukast á kostnað fjölbreyttari sagnmynda auk þeirrar tilhneigingar að nota nafnorð í stað sagnorða. Til dæmis er algengt að sjá eitthvað í líkingu við þetta:

- Eftir matinn fór um við að horfa á sjónvarpið.
- Hún var alveg að detta.

Í stað þess að skrifa:

- Eftir matinn horfðum við á sjónvarpið.
- Hún var næstum dottin.

Eða:

- Það er vöntun á nemendum.
- Þetta krefst viðhalds.

Í stað:

- Það vantar nemendum.
- Þessu þarf að halda við.

Clark fjallar líka um notkun atviksorða og lýsingarorða í fyrrnefndum köflum. Til dæmis er algengt að lesa eitthvað í líkingu við þetta:

- Hann öskraði *ógurlega*.
- Ég fann til *depurðar*.
- Hún horfði *hvasst* á hann.

En betra væri og fallegra að skrifa:

- Hann öskraði.
- Ég var *döpur*.
- Hún *hvessti* á hann augun.

Ég nefni þetta hér sérstaklega því hnitmiðuð notkun sagnorða getur breytt máttlausum texta í snarpan, jafnvel lifandi. Umfjöllun Clarks í *Writing Tools* um sagnorð, lýsingarorð og atviksorð er góð og því eftirsjá af köflunum sem nefndir voru hér að framan.

8.2 11. skriffæri: Takið hið einfalda fram yfir hið tæknilega

Illa skrifaðir textar eru góð sýnisdæmi. Hér að neðan er textadæmi úr pistli eftir nemanda í Pistlaskrifum. Líklega vill enginn láta nota texta eftir sig sem dæmi um slakan texta en hér er dæmið notað í þeirri trú að það verði viðkomandi nemanda ekki til háðungar, því svo vill til að höfundurinn var einn besti nemandinn í námskeiðinu, fékk marga pistla birta á Hugrás og hefur auk þess birt skrif sín á öðrum vettvangi og hlotið lof fyrir. Hann var auk þess ávallt opinn fyrir umræðum og gagnrýni á sín verk og hafði ekki einungis góð tók á málinu og frjóar hugmyndir heldur einnig skáldlegan streng. En af tillitsemi verður höfundar ekki getið í þetta sinn.

Hér er skrifað um náttúruvernd:

Auk þess er erfitt að meta fagurfræðilegt gildi náttúrunnar. Maðurinn kann að hafa dálæti á fegurð náttúru og eins þarf að taka tillit til þess að manneskjur kunna að geta metið vitundina af tilurð náttúrufyrirbæra. Það eitt að vita að maður eigi tækifæri á að bera náttúrufyrirbæri augum burt séð frá því hvort þær eða framtíðar kynslóðir muni nýta sér það tækifæri getur haft gildi í sjálfu sér. Aukinheldur er verðmerking náttúrufyrirbæra ávallt mannmiðuð gjörð svo þrátt fyrir að hægt væri

að skilgreina nákvæmlega peningalegt gildi þeirra fyrir okkur væri enn eitthvert sjálfstætt gildi hlutarins eftir, óháð manningnum sem ómögulegt er að meta.

Mér sýnist að hér sé verið að segja að náttúrufegurð hafi alltaf gildi í sjálfri sér jafnvel þótt hægt væri að meta hana til fjár. Hugsunin í þessari litlu klausu er ekkert gífurlega flókin en heldur ekki af einföldustu gerð. En framsetningin er flókin.

Lítum betur á textann. Upphafið á annarri setningu: „Maðurinn kann að hafa dálæti á fegurð náttúru ...“ Hér færi betur á að einfalda „fegurð náttúru“ og nota lýsingarorð með nafnorðinu náttúru, „fagurri náttúru“ eða einfaldlega „náttúrufegurð“. Þá slær höfundur ákveðinn varnagla með því að segja að „Maðurinn [kunni] að hafa dálæti á ...“, en það er óþarfi, hér má fullyrða og segja einfaldlega: „Fólk hefur dálæti á náttúrufegurð,“ þótt sumir hafi það alls ekki, lesandinn veit hvað átt er við. Og setningin heldur áfram: „... og eins þarf að taka tillit til þess að manneskjur kunna að geta metið vitundina af tilurð náttúrufyrirbæra.“ Í upphafi setningarinnar vísar orðið „maðurinn“ til fyrirbærisins mannskepna og því ætti að vísa til hans með persónufornafninu „hann“ í þessum búi í stað þess að nota „manneskjur.“ Hvað um það, hér er aftur sleginn varnagli, „kunna að geta metið“ – nema að hér sé átt við að manneskjur „kunni að meta“ og orðið „geta“ hafi slystast inn í setninguna. En hvor sem raunin er þá er „kunna að geta metið“ heldur klúðurslegt orðalag. „Vitund“ á örugglega að vera „vitneskja“. Síðustu orðin, „tilurð náttúrufyrirbæra“ er líklega misritun fyrir „tilvist náttúrufyrirbæra“ en best væri og einfaldast að segja að „náttúrufyrirbæri séu til“. Næsta setning: „Það eitt að vita að maður eigi tækifæri á að ber[j]a náttúrufyrirbæri augum burt séð frá því hvort þær eða framtíðar kynslóðir muni nýta sér það tækifæri getur haft gildi í sjálfu sér.“ Hér eru nokkrir augljósir hnökror, persónufornafnið „þær“ vísar ekki til neins þótt höfundur sé líklega að vísa til „manneskja“ sem fyrr voru nefndar en hann hefur í millitíðinni notað ópersónulega fornafrnið „maður“. Þá er líka óþarfi að segja „tækifæri“ aftur heldur ætti persónufornafnið „það“ að duga. Og svona mætti halda áfram með þennan litla búi; „verðmerking“ á örugglega að vera „verðlagning“, „mannmiðaðri gjörð“ má líklega skipta út fyrir „huglægt mat“, „peningalegt gildi fyrir okkur“ gæti einfaldlega verið „verðgildi“, eða „að meta til fjár“ og svo framvegis. Svona má laga textann þar til hann verður læsilegri. En það er ekki þetta sem skiptir máli, hnökra í framsetningu og málfræði má svo auðveldlega laga, heldur hitt hvernig hugsun er komið á framfæri þannig að hún sé auðskilin. Textinn gæti litið einhvern veginn svona út eftir yfirlestur:

Auk þess er erfitt að meta fagurfræðilegt gildi náttúrunnar. Það eitt að vita af náttúrufyrirbæri getur skipt okkur máli, jafnvel þótt við berjum það aldrei augum. Og jafnvel þótt hægt væri að meta náttúrufyrirbæri til fjár hefur það gildi í sjálfu sér, alveg óháð manningum.

Þessi pistill ber þess augljós merki að nemandi hafi lent í tímahraki og ekki unnið pistilinn nægilega vel. Ef hann hefði verið valinn til birtingar hefði viðkomandi haft tíma til að fullvinna hann og væntanlega nýtt sér ábendingar ritstjóra og samnemenda sinna. Og þá koma til sögunnar skriffæri 47, 48 og 49. Höfundur getur reitt sig á stuðningsliðið, í þessu tilviki samnemendur sína sem vita að efnið er gott og sjá að textinn ber hugmyndum höfundar gott vitni (47). Nemandinn skrifaði textann, kom hugmyndum sínum frá sér án þess að bera kinnroða fyrir því að textinn væri ekki nógu góður heldur líkari fyrsta uppkasti (48). Og hann tók leiðréttingum og ábendingum vel (49).

Í þessu tilviki skilaði afbragðsnemandi slöku verki sem minnir á að góðan, eða réttast væri að segja *allan*, texta þarf að hugsa, vanda og umrita. Fæstar setningar, ef nokkur, í þessari ritgerð eru eins í lokaútgáfu og í uppkasti. Hér nokkrum línunum ofar stendur til að mynda: „... heldur hitt hvernig hugsun er komið á framfæri þannig að hún sé auðskilin,“ fyrir hreinritun stóð í hennar stað: „... hvernig höfundur kemur hugsun frá sér þannig að hana megi skilja án þess að lesandi lendi í vandræðum,“ og líklega má enn gera betur.

8.3 16. skriffæri: Frumlegt myndmál

Í þessu skriffæri beinir höfundur spjótum sínum meðal annars að klisjum og ofnotuðum líkingum. „Útsýnin var eins og fegursta málverk“ er dæmi um klisju. Magnús Örn Sigurðsson meistaranemi í umhverfis- og auðlindafræðum leikur sér skemmtilega með þetta í óbirtum pistli sem heitir „Náttúran á tímum fjöldaframleiðslu sinnar“:

Höfuðborgarsvæðið er sýningarsalur. Esjan hangir á norðurveggnum. Sólarlagið á bakvið Snæfellsjökul er vídeólistaverk sem varpað hefur verið á vesturhimininn og fæðuleit tjaldsins í fjörunni djarfur gjörningur úti á miðju gólfi.

Höfundur notar klisjuna en útfærir hana með frumlegum hætti sem verður til þess að maður sér það sem hann lýsir á nýjan hátt. Ásdís Þórsdóttir fer samskonar leið þegar hún í óbirtum pistli sem heitir „Erum við ekki æðisgengin?“ líkir gamlárskvöldi við stríðsástand, eða

heimsstyrjöld nánar tiltekið. Ekki sérlega frumleg líking en það sem á eftir kemur gerir hana skemmtilega:

Ef skyndilega dregur örlítið úr sprengjuregninu reynum við stundum að kallast á í gegnum gnýinn. Ef allt annað þrýtur skrifum við lífsnauðsynleg skilaboð á blað. Eftirstríðsleikurinn blasir svo við í nýjársgöngugönguferðinni. Brunarústir eftir stórtæk skotfæri með reglulegu millibili á göngustígunum auk smærri skoðingja á víð og dreif. Það er dásamlegt að anda djúpt að sér púðurlyktinni og í lognkyrru liggur reykurinn þétt yfir dalnum og maður þarf að ganga eftir minni.

Sami höfundur lýsir háreysti næturlífsins í miðborg Reykjavíkur svona:

Við vorum alveg að festa svefninn þegar sínfónían hófst, rétt utan við gluggann hjá okkur. Þetta var margradda kór. Textarnir voru þó ekki ýkja fjölbreyttir; ástarjátningar, kraftmikil en nokkuð ómstríð nafna-sóló, áköll og heitstrengingar en flytjendur drógu hvergi af sér hvað tónhæðina snerti.²⁷

Að líkja látunum við sínfóníu er frumlegt og verður enn skemmtilegra af því að hún leikur sér með líkinguna áfram. Og nemandi á fimmtugsaldri sem fjallar einmitt um að vera á því æviskeiði lýsir sjálfri sér með þessari óvæntu líkingu: „Dálítið pottþétt eins og vottuð möbelfakta Ikea-mubla.“²⁸ Þarna hefðu margir látið „algeran reynslubolta“ duga.

Clark fjallar aðeins um fyrirsagnir í þessum kafla og af þeim 170 fyrirsögnum sem urðu til á námskeiðinu voru margar skemmtilegar. Það þykir góður siður að hafa fyrirsagnir lýsandi, en þegar um til dæmis pistla er að ræða mega titlarnir gjarnan vera forvitnilegir, snjallir eða einfaldlega hljómfagrir. „Á þriðju hæð til hægri“²⁹ er nafn á pistli úr námskeiðinu þar sem höfundur líkir samfélaginu við fjölbýlishús, „Hin eilífa hringrás viðbitsins“³⁰ heitir pistill sem segir frá fjölskyldu sem lét fjölmiðlaumfjöllun um feiti stjórna því áratugum saman upp úr hverju var poppað, og pistill sem fjallar um trúmál heitir „Eigum við að vaka og veita

²⁷ Ásdís Þórsdóttir, „Virðing“, 5. mars 2013, *hugrás.is*, sótt 10. apríl 2014 af <http://www.hugras.is/2013/03/virding/>.

²⁸ Halla Margrét Jóhannesdóttir, „Að vera sá sem man“, *hugrás.is*, 5. febrúar 2013, sótt 10. apríl 2014 af <http://www.hugras.is/2013/02/ad-verda-sa-sem-man/>.

²⁹ Kjartan Már Ómarsson, „Á þriðju hæð til hægri“, *hugrás.is*, 10. apríl 2013, sótt 10. apríl 2014 af <http://www.hugras.is/2013/04/a-thridju-haed-til-haegri/>.

³⁰ Hildur Ýr Ísberg, „Hin eilífa hringrás viðbitsins“, *hugrás.is*, 16. apríl 2013, sótt 10. apríl 2014 af <http://www.hugras.is/2013/04/hin-eilifa-hringras-vidbitsins/>.

guði lið?“³¹ Þetta eru titlar sem vísa til umfjöllunarefnisins en eru líka flottir og hljóma vel. Áður en farið er í næsta skriffæri flýtur einn titill með á pistli sem fjallaði um launamun kynjanna: „Einn þriðji af hálfu kúgildi – ein ær loðin og lembd.“³² Hver verður ekki forvitinn?

8.4 21. skriffæri: Á höfundur að hafa sig í frammi eða halda sig til hlés?

Hér fjallar Clark um stílbrögðin vanhvörf og ofhvörf. Lýsingarorð eða fjarvera þeirra leikur stórt hlutverk í þessum stílbrögðum. Þótt Clark nefni hvergi notkun lýsingarorða í kaflanum eru það einmitt þau sem gera textann fjörugan í dæminu sem hann tekur um borgarstjórnann Ed Koch. En þegar verið er að lýsa átakanlegum atburðum eru lýsingarorð oft með öllu óþörf eins og berlega sést í dæmum hans um vanhvörf og einnig til dæmis í 35. kafla, í textabrotinu sem segir frá stríðinu í Írak. Hildur Knútsdóttir skrifaði pistil um matvælaframleiðslu á Íslandi.

Það er ástæða fyrir því að kjúklingur og svínakjöt er ódýr matur. Grísir fá bara að sjúga spena mæðra sinna í gegnum rimla. Ef þeir eru geltir áður en þeir verða sjö daga gamlir þarf ekki að deyfa þá, heldur fá þeir bara verkjastillandi lyf. Í ályktun frá Dýralæknafélagi Íslands segir: „*Það er eins og að gefa eingöngu panodil áður en farið er undir hnífinn*“. Það er ekkert sem bendir til þess að nýfæddir grísir finni síður til sársauka en eldri. Þegar grísirnir eru teknir frá gyltum eru þær sæddar aftur. Og aftur og aftur. Svo er þeim slátrað þegar þær eru orðnar útjaskaðar. Þriggja ára gamlar.³³

Í þessari klausu eru bara þrjú lýsingarorð, „ódýr“, „nýfæddur“ og „útjaskaðar“. Höfundurinn er að vekja athygli á skelfilegri meðferð á skepnum en lætur staðreyndirnar tala sínu máli og heldur sig til hlés.

Annar nemandi, Soffía Bjarnadóttir, skrifaði pistil sem hún nefndi „Storð.“ Kveikjan að pistlinum virðist hafa verið þetta sérkennilega orð „storð“ sem hún hefur úr ljóði Ólafar frá Hlöðum, „Tárum.“ Út frá þessu eina orði spinnur hún fallegan pistil fullan af hugmyndum:

³¹ Magnús Örn Sigurðsson, „Eigum við að vaka og veita guði lið“, *hugas.is*, 17. apríl 2013, sótt 10. apríl 2014 af <http://www.hugas.is/2013/04/eigum-vid-ad-vaka-og-veita-gudi-lid/>.

³² Ásdís Þórsdóttir, „Einn þriðji af hálfu kúgildi – ein ær loðin og lembd“, *hugas.is*, 22. mars 2013, sótt 10. apríl 2014 af <http://www.hugas.is/2013/03/einn-thridji-af-halfu-kugildi-ein-aer-lodin-og-lembd/>.

³³ Hildur Knútsdóttir, „Útrymingarþúðir á Íslandi“, *hugas.is*, 6. febrúar 2013, sótt 10. apríl 2014 af <http://www.hugas.is/2013/02/utrymingarbudir-a-islandi/>.

Tíminn hægir á sér í gömlum kirkjugörðum. Stundum stendur hann jafnvel í stað. Við finnum sjaldgæfa friðhelgi sem er einkar mikilvæg í streitu nútímasamfélags. Í Hólavallakirkjugarði vaxa tré og gróður frjállega og sveimérþá ef plastblómin ná ekki einnig að blómstra svona langt handan við hið venjubundna. [...]

Orðið **storð** er mér sérstaklega hugleikið. Það merkir jörð, land, heimur. En eldri merking orðsins vísar í ungt og safamikið tré.

Auðvitað. Garðurinn rúmar í sinni grafarþögn mest megnis storð. Gleði og sorg. Hugsanir og um leið einhverja stórkostlega neind. Í kirkjugarðinum sameinast maðurinn jörðinni. Þau verða aftur eitt. Storð. Hringrás. Það er nú fallett.

Já, í Hólavallakirkjugarði er gott að dvelja í sinni eigin nostalgísku storð ...³⁴

Viðfangsefnið er alls ekki ómerkilegt en ekki sérlega alvarlegt heldur og höfundurinn varpar upp myndum og hugmyndum og fær tækifæri til að njóta sín.

8.5 23. skriffæri: Stíllíð röddina

„Ekkert fær nú að vera í friði“³⁵ er byrjun á pistli eftir Ásdísi Þórsdóttur. Með þessari litlu setningu er tónninn sleginn og lesandinn nánast „heyrir“ í höfundi sem greinilega hefur fengið sig fullsaddan af einhverju. Pistillinn fjallar um sænskan leikstjóra sem finnst leikritið *Kardimommubærinn* kvenfjandsamlegt og vill banna það og Ásdís er henni ósammála. Höfundarröddin er skýr og orðin eru góður upptaktur að því sem á eftir kemur, hneykslan á sænska leikstjóranum. Sami höfundur skrifar í óbirtum pistli „Hvað hafa Íslendingar að gera með eitt feiknastórt hús undir Landspítalann ef varla nokkur einasta manneskja fæst til að vinna þar lengur?“. Sama röddin – annar pistill. Það er ekki alveg hægt að setja fingur á hvað það er sem gerir að verkum að röddin er svona skýr. Kannski það að í setningunum sést að höfundur ætlar að skammast yfir einhverju? En samt er áhugavert að skoða hvað gerist ef fáein orð eru tekin úr setningunum, „nú“ úr þeirri fyrri og „varla nokkur einasta manneskja“ úr þeirri seinni. Eftir stendur „Ekkert fær að vera í friði“ og „Hvað hafa Íslendingar að gera með eitt feiknarstórt hús undir Landspítalann ef [enginn] fæst til að vinna þar lengur?“. Þetta

³⁴ Soffía Bjarnadóttir, „Storð“, *hugrás.is*, 8. maí 2013, sótt 10. apríl 2014 af <http://www.hugras.is/2013/05/stord/>.

³⁵ Ásdís Þórsdóttir, „Að lesa Kardemommubæinn eins og skrattinn les Biblíuna“, *hugrás.is*, 31. janúar 2013, sótt 10. apríl af <http://www.hugras.is/2013/01/ad-lesa-kardemommubaeinn-eins-og-skrattinn-les-bibliuna/>.

er bitamunur en ekki fjár, en oft eru það aðeins lítil blæbrigði sem skapa það sem kallað er rödd.

Sami höfundur getur vissulega haft ólíkar raddir í ólíkum verkum. Hildur Knútsdóttir er skáldkona í fræðilegu námi í bókmenntum og getur brugðið fyrir sig hvoru tveggja hlutleysi, eins og kom ágætlega fram í dæminu á bls. 56 um matvælaframleiðslu, og persónulegri rödd. Hér býsnast hún yfir því að umsjónarmaður bókmenntaþáttarins Kiljunnar hafi gefið sér tíma til að finna hríslu eina í Hallormsstaðaskógi sem Páll Ólafsson orti um meðan ekki sé tími til að fjalla um barnabækur í þættinum: „Það er einlæg von mín að í næsta þætti verði Egill búinn að finna þangpjötluna sem Jóhann Sigurjónsson orti um í „Heimþrá“ fyrir ríflega hundrað árum.“³⁶ Hér er hún hæðin, fyndin og hárbeitt og langt frá því að vera hlutlaus.

En hvort skyldu nú þessar setningar: „Við, elskandi mannæturnar, étum okkur sjálf upp af þrá eftir heilagri fegurð. Þessi lýríska leið er kannski eina leiðin til að lifa“³⁷ vera eftir Soffíu Bjarnadóttur sem skrifaði „Storð“ eða Ásdísi sem finnst ekkert fá að vera í friði?

8.6 35. skriffæri: Sviðsetjið atburði

Clark beinir í þessu skriffæri sjónum sínum að fréttum sem eru skrifaðar eins og „sögur“ og verða áhrifaríkari fyrir vikið. Í dæmunum sem hann tekur bregða höfundar upp sterkum myndum þótt Clark taki myndirnar ekki beinlínis til umfjöllunar. En hvað svo sem það er kallað, sviðsetningar, senur eða myndir þá er það þetta sem góðir höfundar gera, þeir varpa upp myndum með textanum, sýna í stað þess að segja frá. Það er eðli skáldskapar og þeir sem skrifa ættu að tileinka sér þá list. Til að varpa upp mynd þarf ekki líkingar eða miklar kúnstir eins og vel sést í dæminu sem Clark tekur þar sem ástandinu í Bagdad er lýst.

Magnús Örn varpar upp mynd í óbirtum pistli, „Kalt í heita pottinum,“ þar sem hann skrifar um orðræðu þeirra sem ekki taka mark á vísindamönnum heldur mynda sér skoðanir af því sem fyrir augu ber eða þeir finna á eigin skinni; kaldur vetur gefur þeim fulla ástæðu til að spyrja, „Hvar er svo þessi hlýnun jarðar?“:

Þarna siturðu. Búinn að fá þessa frábæru hugmynd að athugasemd um veðrið.

Tungan á þér er eins og stökkbretti og setningin þín situr á endanum og býr sig undir að hoppa út í pottinn til okkar. Ég sé þig gefast upp á að reyna að sjá

³⁶ Hildur Knútsdóttir, „Birkihríslan og þangið“, *hugrás.is*, 1. mars 2013, sótt 10. apríl 2014 af <http://www.hugras.is/2013/03/birkihrislan-og-thangid/>.

³⁷ Soffía Bjarnadóttir, „Himnur sjálfsins: Um *Holy Motors* eftir Leos Carax“, 27. mars 2013, sótt 10. apríl af http://matarsodi.blogspot.com/2013_03_01_archive.html.

gegnum gufumökkinn. Þú rennir augunum hægt frá lauginni, snýrð höfðinu að mér og horfir á mig. Kannski segirðu ekki neitt ef ég lít ekki í augun á þér. Ég stari ofan í heitt vatnið.

Myndin er skýr. Hann staðsetur tvo menn, ungan (höfundurinn sjálfur) og gamlan, í heitum potti á frostköldum morgni og dregur þannig fram frumatriði umræðunnar, hita og kulda, gufumökkinn sem stígur upp úr heitum pottinum og byrgir mönnum sýn. Myndin gefur viðfangsefninu svolítið óhugnanlega vídd. En það sem meira er – og það er ekki síður mikilvægt – pistillinn verður mun áhugaverðari fyrir vikið og skemmtilegri. Tvær manneskjur sem talast við í einhverjum tilteknum aðstæðum sem allir þekkja, heitum potti í þessu tilviki, eru svo miklu áhugaverðari heldur en útskýringar eða fræðileg umfjöllun um viðfangsefnið. Auk þess sem myndin vekur upp svo margar hugrenningar, sem er vel.

Halla Margrét Jóhannesdóttir skrifaði pistil um Vestmannaeyjagosið:

Mamma svaraði í símann. Að loknu símtali vakti hún þrjú af fjórum börnum sínum, það yngsta tveggja og hálfars fékk að sofa. Eldgos. Það var byrjað eldgos í Vestmannaeyjum og pabbi hringdi í mömmu til að segja henni tíðindin. Mamma kveikti á útvarpinu sem var samvaxið grammófón, mubla á fótum. Við settumst berleggja á nýparketlagt gólfið í hálfinnréttuðu húsinu okkar í Garðahreppi, einblíndum á tauið sem huldi hátalarana og hlustuðum á tilkynningar Almannafráfaranna til Vestmannaeyinga um að fara niður að höfn um borð í báta til Reykjavíkur. Þarna varð ég, langt gengin á áttunda árið, í fyrsta sinn þátttakandi í því sem var að gerast í Þjóðfélaginu, að mér fannst. Ég var vakin um miðja nótt til að verða vitni að náttúruhamförum. Ég var vakin til að fylgjast með fréttum af fólki sem ég þekkti ekki neitt. Ég var vakin til að vera með og finna samkennd.³⁸

Stóra myndin eða sú mikilfenglega fellur í skuggann af myndinni sem sviðsetning höfundar skapar, nývöknuð berleggja börn að hlusta á útvarp um miðja nótt í nýbyggingu, fjarri hamförunum. Sú mynd framkallast í huga lesandans og lifir í minni hans en eldgosíð verður aukaatriði nema sem mynd í hugum barnanna sem við sjáum.

³⁸ Halla Margrét Jóhannesdóttir, „Að vera sá sem man“.

8.7 39. skriffæri: Skrifði að endi

Þótt Clark telji upp nokkrar leiðir til að enda skrif er sú upptalning að sjálfsögðu ekki klöppuð í stein og leiðirnar sem hann nefnir ekki rétt hærrí en aðrar, þótt listinn í kaflanum gefi einhverja mynd af því sem algengt er, í pistlum, skáldverkum eða öðrum verkum. Stuttir pistlar enda gjarnan á því að vísa til upphafsins sem er sú aðferð sem Clark kallar „að loka hringnum“. Það er nokkuð fallett byggingasnið. Þetta gerir Ásdís í pistlinum „Að lesa Kardimommubæinn eins og skrattinn les Biblíuna“ með setningunni: „Þess vegna þjónar vindhögg Sofiu í besta falli bara til að skemmta skrattanum.“ Orðtökin tvö í titli og lokasetningu ná vel utan um efni pistilsins þótt hvergi sé minnst á skrattann í meginmálinu, en lokasetningin gerir pistilinn að flottri heild af því hún vísar í titilinn.

Góðir höfundar geta komið skemmtilega á óvart í stuttum pistlum þegar endirinn er óvæntur. Magnús Örn gerir þetta vel. Í pistlinum „Kalt í heita pottinum“ sem hér hefur verið vitnað til snýst allur pistillinn um spurningu sem varpað er fram í lokin. Lesendur fylgjast með hugrenningum unga mannsins og því hvernig kvíðinn og leiðinn hellast yfir hann því hann þykist vita hver spurningin verður, „Hvar er svo þessi hlýnun jarðar sem menntamennirnir fjasa um?“. En hann hefur rangt fyrir sér. Gamli maðurinn kemur öllum á óvart og spyr sessunaut sinn: „Jæja, ertu að læra eitthvað? – ertu í skóla?“ Og með því snýst pistillinn á hvolf. Það er ekki sá gamli sem er hrokafullur og sjálfumglaður heldur sá ungi sem hefur dæmt hann ranglega, og – af því pistillinn er vel skrifaður – lesendur líka. Hið sama gerir höfundur í öðrum pistli, „Formaðurinn góði og húsið.“ Þar er ungur maður mættur á húsfund þar sem ýmis „smámál“ eru rædd og vekja ekki áhuga þess sem skrifar og lesandinn fær á tilfinninguna að hann hafi ýmislegt áhugaverðara við að vera, ólíkt eldri íbúum hússins. En pistillinn endar svo á því að ungi maðurinn horfir í spegil og hugsar sem svo: „Ég verð að viðurkenna að síðan ég átti samtalið við nágretta minn fyrir tveimur árum hef ég oft, í huganum, mátað mig í hlutverkið. Magnús Örn Sigurðsson, meistaranemi í umhverfis- og auðlindafræði og formaður húsfélagsins?“³⁹ Þessi endir virðist kannski í fljótu bragði gera pistilinn að ofurlitlum brandara, en textinn hefur skáldlegt yfirbragð og þessar lokalínur gera pistilinn margræðari. Það að endirinn sé líka sniðugur gerir hann bara betri.

³⁹ Magnús Örn Sigurðsson, „Formaðurinn góði og húsið“, *hugrás.is*, 12. febrúar 2013, sótt 10. apríl 2014 af <http://www.hugras.is/2013/02/formadurinn-godi-og-husid/>.

Niðurlag

Hér á landi hafa verið gefnar út nokkrar bækur um skrif, til dæmis *Fram á ritvöllinn* eftir Baldur Sigurðsson og Bjarna Ólafsson, *Hagnýt skrif* eftir Gísla Skúlason og *Það er leikur að skrifa* eftir Ólaf M. Jóhannesson. Þessar bækur fjalla að mestu leyti um hagnýt efni og framsetningu en fara lítið í sjálfa textagerðina. Eins og fram kom sýna rannsóknir Hrafnhildar Ragnarsdóttur að íslenskir unglingar eru eftirbátar jafnaldra sinna í samanburðarlöndum í textagerð. Þá var hér einnig vitnað til orða Rúnars Helga Vignissonar kennara í ritlist í Háskóla Íslands sem undrast hvað ungt fólk hefur litla ritfærni, jafnvel eftir háskólanám.

Það er ýmsum vandkvæðum bundið að þýða bók um skrif, eins og hér hefur verið sýnt fram á. Auðvitað má hafa gagn af erlendum bókum eins og til dæmis þeirri sem hér er þýdd en það er mín trú að ritlistarbækur komi að mestu gagni ef þær eru skrifaðar á því tungumáli sem lesandinn sjálfur skrifar á. Með því koma sýnisdæmi og greiningar á þeim að mestu gangi. Vel skrifaðar og fróðlegar kennslubækur, eða bækur fyrir almennan markað, í ritun og ritlist á íslensku væru án efa mikill fengur fyrir þá sem stunda ritstörf.

Heimildaskrá

- Ásdís Þórsdóttir, „Að lesa Kardemommubæinn eins og skrattinn les Biblíuna“, *hugrás.is*, 31. janúar 2013, sótt 10. apríl af <http://www.hugras.is/2013/01/ad-lesa-kardemommubaeinn-eins-og-skrattinn-les-bibliuna/>.
- Ásdís Þórsdóttir, „Einn þriðji af hálfu kúgildi – ein ær loðin og lembd“, *hugrás.is*, 22. mars 2013, sótt 10. apríl 2014 af <http://www.hugras.is/2013/03/einn-thridji-af-halfu-kugildi-ein-aer-lodin-og-lembd/>.
- Ásdís Þórsdóttir, „Virðing“, 5. mars 2013, *hugrás.is*, sótt 10. apríl 2014 af <http://www.hugras.is/2013/03/virding/>.
- Ástráður Eysteinnsson, *Tvímæli*, Bókmenntafræðistofnun, Reykjavík: Háskólaútgáfan.
- Baldur Sigurðsson og Bjarni Ólafsson, *Fram á ritvöllinn*, Reykjavík: Mál og menning, 1991.
- Clark, Roy Peter, *Writing Tools: 50 Essential Strategies for Every Writer*, New York, Boston, London: Little, Brown & Company, 2006.
- Fitzgerald, F. Scott, *Hinn mikli Gatsby*, Atli Magnússon þýddi, Reykjavík: Bókafélagið Ugla, 2008.
- Gísli Skúlason, *Hagnýt skrif. Kennslubók í ritun*, Reykjavík: Mál og menning, 1999.
- Guðmundur Andri Thorsson og Páll Valsson, „Þar sem sögueyjan rís. Hjólað í Einar Kárason“, viðtal við Einar Kárason, *Teningur*, 1. tbl. 1985, bls. 36-54.
- Halla Margrét Jóhannesdóttir, „Að vera sá sem man“, *hugrás.is*, 5. febrúar 2013, sótt 10. apríl 2014 af <http://www.hugras.is/2013/02/ad-verda-sa-sem-man/>.
- Hildur Knútsdóttir, „Útrymingarbudir á Íslandi“, *hugrás.is*, 6. febrúar 2013, sótt 10. apríl 2014 af <http://www.hugras.is/2013/02/utrymingarbudir-a-islandi/>.
- Hildur Knútsdóttir, „Birkihríslan og þangið“, *hugrás.is*, 1. mars 2013, sótt 10. apríl 2014 af <http://www.hugras.is/2013/03/birkihrislan-og-thangid/>.
- Hildur Ýr Ísberg, „Hin eilífa hringrás viðbitsins“, *hugrás.is*, 16. apríl 2013, sótt 10. apríl 2014 af <http://www.hugras.is/2013/04/hin-eilifa-hringras-vidbitsins/>.
- Hrafnhildur Ragnarsdóttir, „Þróun textagerðar frá miðbernsku til fullorðinsára: Lengd og tengingar setninga í frásögnum og álitserðum“, *Uppeldi og menntun*, 16. árg. 2. tbl. 2007, bls. 139-159.
- Kjartan Már Ómarsson, „Á þriðju hæð til hægri“, *hugrás.is*, 10. apríl 2013, sótt 10. apríl 2014 af <http://www.hugras.is/2013/04/a-thridju-haed-til-haegri/>.
- Ingibjörg Axelsdóttir og Þórunn Blöndal, *Handbók um ritun og frágang*, Reykjavík: Mál og menning, 2006.
- Magnús Örn Sigurðsson, „Eigum við að vaka og veita guði lið“, *hugrás.is*, 17. apríl 2013, sótt 10. apríl 2014 af <http://www.hugras.is/2013/04/eigum-vid-ad-vaka-og-veita-gudi-lid/>.

Magnús Örn Sigurðsson, „Formaðurinn góði og húsið“, *hugrás.is*, 12. febrúar 2013, sótt 10. apríl 2014 af <http://www.hugras.is/2013/02/formadurinn-godi-og-husid/>.

Nida, Eugene A, *Toward a Science of Translating. With Special Reference to Principles and Procedures Involved in Bible Translating*, Leiden: E.J. Brill, 1964.

Ólafur M. Jóhannesson, *Það er leikur að skrifa*, Reykjavík, Iðnú, 1991.

Rúnar Helgi Vignisson, „Gagnsemi ritlistar“, *Skíma*, 1. tbl. 34. árgangur 2001, sótt af 11. febrúar af <http://www.modurmal.is/skima/37/80-gagnsemi-ritlistar>. *Skíma* er vefúmarit sem birtist á slóðinni: <http://www.modurmal.is/skima>.

Shakespeare, William, *Leikrit III*, Helgi Hálfðánarson þýddi, Reykjavík: Mál og menning, 1984.

Soffía Bjarnadóttir, „Himnur sjálfsins: Um *Holy Motors* eftir Leos Carax“, 27. mars 2013, sótt 10. apríl af http://matarsodi.blogspot.com/2013_03_01_archive.html.

Soffía Bjarnadóttir, „Storð“, *hugrás.is*, 8. maí 2013, sótt 10. apríl 2014 af <http://www.hugras.is/2013/05/stord/>.

